



FRÉTTABLAÐIÐ

190. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 28. SEPTEMBER 2021



Endurtalning atkvæða í Suðurlandskjördæmi hófst um kvöldmatarleytið í gær og var enn verið að telja þegar Fréttablaðið fór í prentun. Einvalið teljara taldi atkvæðin í Fjölbrotaskóla Suðurlands. Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við lýsa efasemdum um lögmæti endurtalningarinnar og forsætisráðherra segir málið óviðunandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ræða stjórnarmyndun í skugga óvissu

Formenn stjórnarflokkanna eru komnir með umboð til að ræða um áframhaldandi ríkisstjórn.

adalheidur@frettabladid.is
bth@frettabladid.is

KOSNINGAR Jákvæðni ríkir í stjórnarflokkunum um áframhaldandi stjórnarsamstarf. Þingflokkar allra flokkanna þriggja hafa fundað og veitt förmönnum sínum umboð til að ræða við hina oddvita stjórnarflokkanna.

„Þetta blasir við sem fyrsti kostur,“ segir Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, og aðrir þingmenn flokksins

sem Fréttablaðið ræddi við eru jákvæðir um viðræður við Framsókn og Vinstri græn.

Varaformaður Framsóknarflokksins, Lilja Alfreðsdóttir, segir kjósendur hafa kallað eftir því að stjórnin sitji áfram og er vongóð um að flokkarnir nái saman.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra segir ótímabært að ræða kergju í samstarfinu vegna umhverfis- og hálendismála á þessu stigi. „Þau eru bara rétt byrjuð að stinga saman nefjum.“ Hann segir ánægjulegt að ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hafi fengið góða kosningu.

Atburðir sunnudags og mánu dags varpa þó skugga á stjórnar-



Eins og ég segi er afar mikilvægt að það ríki traust um kosningarnar hjá öllum.

Kristín Edwald,
formaður yfirkjörstjórnar

myndunina en óvissa um talningu í tveimur kjördæmum hefur haldið fjölda þingmannsefna í óvissu um pólitísk örlog sín.

Endurtalningu var ekki lokið í Suðurlandskjördæmi þegar blaðið fór í prentun, en einn þeirra þingmanna sem dattu út við endurtalningu hefur kært endurtalninguna og óskað eftir lögreglurannsókn á málinu. Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við lýsa efasemdum um lögmæti endurtalningarinnar og forsætisráðherra segir málið óviðunandi.

Kristín Edwald, formaður yfirkjörstjórnar, segir málið bæði bagalegt og óheppilegt.

„Það hefur ekki verið ákveðið endanlega hvað verður gert næst. Við tökum núna eitt skref í einu, förum yfir stöðuna mjög reglulega, óskum eftir upplýsingum og viljum

fá að vita hvað gerðist, hvað raunverulega fór úrskeiðis og tökum ákvarðanir á grundvelli þess og eins og ég segi er afar mikilvægt að það ríki traust um kosningarnar hjá öllum,“ segir Kristín.

Formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturlands segist hins vegar ekki sjá neina ástæðu til sérstakra viðbragða, spurður hvort hann ætli að axla ábyrgð á mistökunum svo sem að kjörgögn hafi ekki verið innsigliuð á milli talninga.

Öryggismyndavélar á talningarstað sýni að þótt svæðið hafi verið yfirgefið í nokkra klukkutíma hafi enginn farið inn í rýmið þar sem þau hafi verið geymd. **SJÁ SÍÐUR 4 OG 6**

Þjónustuskoðun HEKLU



Tryggir betri endingu og viðheldur ábyrgð!

Pantaðu tíma á www.hekla.is/timabokanir

Viðurkenndur þjónustuaðili



Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA



Íslenska liðið á verðlaunahátíðinni í Lyon í gær. MYND/BOCUSE D'OR

Stóllinn mátaður



Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, stendur í viðtali við ljósvakamiðlana í gær eftir fund hans með Katrínu Jakobsdóttur, formanni VG, og Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, um mögulegt áframhald á stjórnarsamstarfi flokkanna þriggja. Fundurinn fór fram í Stjórnarráðinu með forsætisráðuneytið í bakgrunni – þar sem Framsóknarfólk sér Sigurð sem kjörinn mann við stýrið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Besta kjötið fór til Sigurðar Laufdal

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Í hinni virtu matreiðslukeppni Bocuse d'Or fékk Sigurður Kristinn Laufdal Haraldsson matreiðslumaður verðlaun fyrir besta kjötplattann en keppninni lauk í gær. Íslenska liðið endaði í fjórða sæti en Frakkar hrósuðu sigri.

Bocuse d'Or er ein allra virtasta matreiðslukeppni heims ef ekki sú virtasta og hefur verið haldin síðan 1987. Keppnin er oft kölluð hin eina sanna heimsmeistarakeppni í matreiðslu.

Norðmenn enduðu í þriðja sæti en aðeins munaði fjórum stigum á Íslendingum og Norðmönnum. Danir fengu silfrið að þessu sinni.

Sigurður vann keppnina Kokkur ársins 2011 hér á landi og keppti í Bocuse d'Or fyrir Íslands hönd árið 2013. Fimm efstu sætin í keppninni tryggja þeim þjóðum sjálfkrafa keppnisrétt í næstu keppni. ■

Enn yfir áttatíu þúsund ferðagjafir ónotaðar

gar@frettabladid.is

COVID-19 Samkvæmt nýjustu tölum á Mælaborði ferðapjónustunnar frá í fyrradag hafa 82.411 fimm þúsund króna ferðagjafir úr ríkissjóði enn ekki verið nýttar.

Ferðagjafir tveir sem ríkisstjórnin samþykkti að gefa landsmönnum til að örva ferðapjónustu innanlands á tímum kórónaveirufaraldursins rennur út á miðnætti á fimmtudagskvöld.

Þegar hafa riflega 183 þúsund manns sótt ferðagjafir upp á samtals 915 milljónir króna en aðeins um 123 þúsund fullnýtt hana fyrir 699 milljónir króna. Þar af hefur 326 milljónum verið varið til kaupa á vöru og þjónustu á höfuðborgar-



Margir hafa keypt pitsur fyrir Ferðagjöfina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

svæðinu. Af heildarupphæðinni hefur 321 milljón farið til kaupa á veitingum.

Andvirði ónýttu ferðagjafanna nemur 432 milljónum króna. ■

Steingrímur búinn að ráða sig heim á Gunnarsstaði

Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi forseti Alþingis, gekk um sali Alþingishússins og pakkaði síðustu skjölunum í kassa. Hann ætlar að vaka yfir lömbum heima á Gunnarsstöðum í Pistilfirði í nóvember.

benediktboas@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL „Ég ætla að byrja á að þrifa bílinn minn því hann var að koma úr tíu daga kosningaferðalagi og dálítið skitugur, greyið. Svo langar mig að röla annaðhvort á Esjuna eða Úlfarsfellið,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, fráfarandi forseti Alþingis, en hann birtist í Alþingishúsinu í gær til að klára að ganga frá.

Hann var þar til að sækja dót sem hann átti en einnig var Steingrímur að undirbúa greinargerð til tilvondandi forseta og forsætisnefndar. Eins og staðan er núna er Willum Þór Þórsson forseti Alþingis og verður svo þar til þing kemur aftur saman. Nema eitthvað nýtt hafi gerst í talningarmálum í nótt og Brynjar Nielsson rjúki aftur inn á þing. Þá verður hann forseti.

Steingrímur viðurkennir að staðan sem komin er upp sé eitthvað sem er viðbúið. „Við vitum að kerfið er svona og það geta orðið ótrúlegar rúllettur ef eitthvað fer af stað á annað borð. Það er skiljanlegt að menn vilji hafa fullvissu fyrir því að talningin hafi verið rétt þar sem er mjög mjótt á mununum.“

Þá er spurning að það sé réttmæt krafa að þar sé endurtalið. Ég ætla ekki að blanda mér í það. Þetta er eitthvað sem þeir sem fara með þessi mál verða að finna út úr og við treystum því að það verði gert,“ segir Steingrímur sem hefur verið á Alþingi síðan 1983 og er einn ástælasti stjórnmálamaður landsins. Hann ákvað fyrir í vetur að kveðja



Steingrímur J. Sigfússon, fráfarandi forseti þingsins, var mættur í gær til að taka örlitið til og skila af sér búinu. Í bakgrunni er Willum Þór Þórsson, starfandi þingforseti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ég er búinn að ráða mig í starf í nóvember á sauðfjárnú heima á Gunnarsstöðum þar sem bóndinn þarf að fara í aðgerð og ég lít eftir lömbunum á meðan.

Steingrímur J. Sigfússon

Alþingi og viðurkennir að það sé ekki hægt að kúpla sig alveg út úr hringiðunni á einni nóttu.

„Ég er mjög ánægður og sáttur og tel mig hafa tekið rétta ákvörðun.“

Ég vil skilja vel við og er að ganga frá hlutum sem snúa að því að allt sé lagt í hendur á nýrri forustu þingsins með greinargóðum hætti og svo er ég eins og hver annar í baklandi míns flokks.“

Hann segir næsta verkefni vera heima á Gunnarsstöðum í Pistilfirði þar sem hann er fæddur og uppalinn. Eftir það er framhaldið óákveðið. „Ég er búinn að ráða mig í starf í nóvember á sauðfjárnú heima á Gunnarsstöðum þar sem bóndinn þarf að fara í aðgerð og ég lít eftir lömbunum á meðan. Annars ætla ég að njóta lífsins og gera eitthvað skemmtilegt næstu vikur og mánuði.“ ■

Jólin hefjast á Jómfrúnni
Jólamatseðill frá 11. nóvember.
Kom glad!

Bókanir í síma 551 0100 | jomfruinn.is | jomfruinn@jomfruinn.is

BORÐSTOFUDAGAR 20% AFSLÁTTUR



**ÖLL BORÐSTOFUBORÐ OG
BORÐSTOFU STÓLAR MEÐ
20% AFSLÆTTI**

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Eiga von á tilfærslum málaflókka og ráðuneyta

Jákvæðni ríkir í þingflokkum stjórnarflokka um áframhaldandi samstarf. Formenn Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna ræðast aftur við í dag.

adalheidur@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Formenn stjórnarflokka hafa hittast í Stjórnarráðinu í gær og stígu fyrstu skrefi viðræðum um áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir formennina ætla að hittast aftur í dag og að vikan öll verði tekin til að fara yfir stóru línurnar.

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, segir ólíklegt að ráðherraskipan verði sú sama, fari svo að framhald verði á stjórnarsamstarfinu.

„Þetta blasir við sem fyrsti kostur,“ sagði Birgir Ármannsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, eftir þingflokksfund í hádegjunum í gær. Ýmis snúin mál væru þó sem leysa þyrfti úr. „Málefni eru grunnurinn að því að hægt sé að vinna saman.“

Nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa verið harðorðir um umhverfisráðherra Vinstri grænna og ólga hefur verið innan flokksins um heilbrigðisráðherra. Meðal þeirra harðorðu eru Jón Gunnarsson og Vilhjálmur Árnason en við Fréttablaðið í gær voru þeir fámálir um hver krafa flokksins gagnvart þessum ráðuneytum ætti að vera.

„Við erum mjög ánægð með að sjá að ríkisstjórn sem Katrín Jakobsdóttir leiðir haldi velli og bæti við sig, við viljum meina að það sé vegna starfa ríkisstjórnarinnar,“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra og varaformaður Vinstri grænna.

Um stjórnarmyndunarviðræður sagði Guðmundur Ingi: „Katrín hefur að sjálfsgöðu umboð okkar til að ræða við hina formennina en það er allt of snemmt að segja til um til hvers það leiðir.“ Um óánægju sumra Sjálfstæðismanna með umhverfismálin og hans störf sagði Guðmundur Ingi ótímabært að ræða áhrif þess á mögulegt samstarf. „Þau eru bara rétt byrjuð að stinga saman nefjum,“ sagði hann um þreifingar formannanna.

Guðlaugur Þór Þórðarson sagði formanninn, Bjarna Benediktsson, hafa fullt umboð þingflokksins til viðræðna og að engir afarkostir hefðu verið settir um forsætisráðuneytið eða neitt annað.



Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins fundaði um áframhaldandi stjórnarsamstarf í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Við erum mjög ánægð með að sjá að ríkisstjórn sem Katrín Jakobsdóttir leiðir haldi velli og bæti við sig.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Guðlaugur sagði sér hafa liðið þrýðilega í utanríkisráðuneytinu og vildi vera þar áfram. Hins vegar væru fjölmargir aðrir málaflókkar í samfélaginu spennandi og hann gæti vel hugsað sér að takast á við önnur verkefni.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra, sagði verkefni og málefni það sem máli skipti. „Við erum ekki þekkt fyrir einhverja afarkosti á mánudegi eftir kosningar en við fundum hvaða mál brunnu



Það er skýr vilji sem kemur hjá kjósendum um að stjórnin haldi áfram.



Lilja Alfreðsdóttir

á fólki,“ sagði Þórdís Kolbrún og nefndi heilbrigðismál, loftslagsmál, nýtingu auðlinda og orkuskipti.

Spurð hvort hún vildi vera áfram í sínu ráðuneyti sagði hún að verkefni þar væru afskaplega skemmtileg og hún gæti vel hugsað sér að halda áfram með þau en hún væri líka meira en tilbúin að taka að sér önnur verkefni.

Sigurveggarar kosninganna, Framsóknarmenn, funduð seinni partinn í gær og voru á einu máli um að formaðurinn, Sigurður Ingi



Við erum ekki þekkt fyrir einhverja afarkosti á mánudegi eftir kosningar en við fundum hvaða mál brunnu á fólki.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir

Jóhannsson, hefði óskorað umboð í viðræðunum.

„Það er skýr vilji sem kemur hjá kjósendum um að stjórnin haldi áfram,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra. Hún sagðist bjartsýn á að flokkarnir næðu saman um áframhaldandi samstarf.

Ásmundur Einar Daðason vann óvæntan persónulegan sigur í kosningunum. Hann flutti sig milli kjördæma og var utan þings í flestum skoðanakönnunum en flaug inn á þing strax í fyrstu tölum.

Ásmundur vakti töluverða lukku í félags- og barnamálaráðuneytinu á nýliðnu kjörtímabili.

„Jú, ég hef sagt að mig langar að vera áfram í þessum málum en það veltur auðvitað á stjórnarmyndun,“ sagði Ásmundur, aðspurður um sínar persónulegu áherslur. „Ástæða þess að ég flutti mig til Reykjavíkur var að mig langar að vinna í þessum málum, ef mig hefði ekki langað það, hefði ég bara verið um kyrrt í Norðvesturkjördæmi,“ sagði hann.

Fleiri Framsóknarmenn eru stórhuga eftir kosningasigurinn.

„Við munum væntanlega koma með hugmyndir um innviðaráðuneyti inn í viðræðurnar og einnig skiptingu sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneytisins,“ sagði Stefán Vagn Stefánsson, oddviti í Norðvesturkjördæmi.

Með innviðaráðuneyti yrðu húsnaðis- og skipulagsmálin færð undir hatt samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins.

Ingibjörg Isaksen, oddviti Framsóknar í Norðausturkjördæmi, á einnig von á að ráðuneyti færist til. Framsóknarflokkurinn leggi áherslu á að fá landbúnaðarmálin og að ýmis verkefni, svo sem skógrækt og jarðnýting, verði færð inn í það ráðuneyti. „Mér finnst eðlilegt að þetta sé allt saman endurskoðað í ljósi nýrrar stöðu,“ sagði hún í ljósi breyttrar stærðar þingflokka. ■

KYNNUM NÝJAN JEEP.

COMPASS

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

TRYGGÐU ÞÉR BÍL FYRIR
VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

VERÐ HLAÐINN AUKABÚNAÐI

6.699.000 KR.**

**SVARTUR LIMITED. AÐRIR LITIR 6.862.000

*VERÐ EFTIR ÁRAMÓT VEGNA HÆKKUNAR Á VSK:
7.179.000 KR.



- STÆRRI VÉL 240 HÖ
- 360° MYNDAVÉL
- LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LEÐURSÆTI OG MÆLABORÐ

- SNERTILAUS OPNUN AFTURHLERA
- FJARLÆGÐARSTILLTUR HRAÐASTILLIR
- 10,1" SNERTISKJÁR MEÐ LEIÐSÖGUKERFI
- BLINDHORNS OG AKREINAVARI

ISBAND

UMBODSADILI JEEP OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep | **4x4**

Lind stofnar sérstaka

Atvinnuhúsnæðisdeild

Lind Atvinnuhúsnæðisdeild

Yfir 50 ára reynsla í sölu og leigu á atvinnuhúsnæðum.
Vantar allar gerðir eigna á skrá, heyrðu í okkur eða sendu okkur tölvupóst á atv@fastlind.is

Nánari upplýsingar veita



Ísak V. Jóhansson
Sölustjóri
822 5588
isak@fastlind.is



Viðar Marinósson
Lögg. fasteignasali
898 4477
vidar@fastlind.is



Hannes Steindórsson
Lögg. fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



Skoða sameiningu sveitarfélaga án aðkomu Ásahrepps

arib@frettabladid.is

SVEITARSTJÓRNIR Íbúar í Ásahreppi kolfelldu tillögu um sameiningu fimm sveitarfélaga á Suðurlandi í kosningu sem fram fór samhliða alþingiskosningum um helgina. Hin sveitarfélögin fjögur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur, samþykktu tillöguna. Fundað verður í dag um framhaldið.

„Þessu verkefni er lokið. Það var kveðið á um að öll sveitarfélögin fimm í þessu verkefni þyrftu að samþykkja sameininguna,“ segir

Anton Kári Halldórsson, formaður samstarfsnefndar um Sveitarfélagið Suðurland og oddviti Rangárþings eystra.

Aðeins 159 eru á kjörskrá í Ásahreppi, tillagan var felld og var þetta eina sveitarfélagið sem felldi tillöguna. „Nú þurfum við að setjast niður og meta stöðuna, hvort það séu forsendur fyrir því að hefja nýjar viðræður með þeim fjórum sveitarfélögum sem samþykktu sameiningu.“

Anton Kári segir að ef það sé vilji hjá sveitarfélögnum fjórum til að halda áfram þá muni það ekki taka



Það er vilji hjá hinum fjórum sveitarfélögum til að halda áfram sameiningarviðræðum án aðkomu Ásahrepps.

langan tíma. „Öll gögnin eru fersk og til staðar. Ég tel að það ætti ekki að blanda þessu saman við sveitarstjórnarkosningar, ef það er vilji þá ættum við að stefna að því að kjósa í janúar eða febrúar á næsta ári þannig að við höfum tíma til að undirbúa okkur fyrir sveitarstjórnarkosningar sem fara fram í maí.“

Hann segir að það hafi komið á óvart hversu afgerandi niðurstaðan var í Ásahreppi. „Ég met það þannig að þótt Ásahreppur fari út þá hafi það ekki úrslitaáhrif á tillöguna í heild, þetta er minnsta sveitarfélagið sem tók þátt.“ ■

Útilokar ekki veru á drápslista CIA

tsh@frettabladid.is

SAMFÉLAG Bandaríska leyniþjónustan CIA gerði áætlanir um að ræna Julian Assange, stofnanda WikiLeaks, úr sendiráði Ekvador í London árið 2017. Fram kemur í grein á Yahoo að áætlanirnar hafi gengið svo langt að aðilar innan CIA og ríkisstjórnar Donalds Trump hafi rætt um að myrða Assange. Kristinn Hrafnsson, ritstjóri WikiLeaks, segir, spurður hvort hann telji líklegt að hann hafi sjálfur á einhverjum tímupunkti verið settur á drápslista CIA, það ekki útilokað.

„Það var búið að skilgreina okkur sem fjandsamlegan aðila þannig að það var hægt að hlera minn búnað, koma fyrir hljóðnemunum í mínu umhverfi, njósna um allar mínar ferðir og beita öllum þeim aðferðum sem þeir hafa í sínu búi til að fylgjast með mér. Það er veruleiki sem ég hef búið við í mörg ár.“ ■

Nánar á [frettabladid.is](#)

Óvissustig vegna norðanstórhríðar

kristinnpall@frettabladid.is

VEÐUR Almannavarnir ákváðu í gær að lýsa yfir óvissustigi á stórum hluta landsins í dag.

Gul viðvörðun var í gildi á svæðinu í gær en appelsínugul viðvörðun tekur gildi á Norðvesturlandi upp úr hádegi þegar norðanstórhríð gengur yfir. Verður ekkert ferðaveður á þessum tíma og snjóflóðahætta á vegnum um Súðarvíkurhlíð. ■

Deilt um lögmati þingmannahópsins

Sumir þingmenn telja að endurtalning atkvæða í Norðvestur- og Suðurlandskjördæmum sé ólögleg. Klúður skapar óvissu sem gæti jafnvel þýtt að Alþingi verði kallað saman.

bth@frettabladid.is
adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR Nokkur ólga er í samfélaginu eftir mistök við atkvæðatalningu í Norðvesturkjördæmi. Lögbrot voru framin við geymslu kjörgagna.

Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Miðflokksins, hefur kært málið til lögreglu. Lögreglustjórinn á Vesturlandi staðfestir móttöku kærunnar. Karl Gauti segist kæra til að upplýst verði um öll atvik, svo sem um meðferð gagna og hverjir tóku ákvörðun um að lokatölur væru komnar og svo framvegis. „Ég tel að lokatölur eigi að standa og endurtalningin sé ógild,“ segir Karl Gauti.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður kjörbréfanefndar Alþingis á liðnu kjörtímabili, segir að málið eigi sér engin fordæmi. Ef álitamál sé hvort þingmenn séu réttkjörnir komi til afskipta kjörbréfanefndar. Nefndin gefi álit sem fari svo í atkvæðagreiðslu í þinginu. Ef alvarleg vafamál yrðu óleyst kæmi jafnvel til greina að kalla þingið sérstaklega saman til skamms tíma.

Fimm þingmenn ýmist dattu út eða komust inn eftir endurtalninguna. Yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis ákváð einnig í gær að endurtalning skyldi fara fram eftir að fjórir flokkar höfðu óskað þess. Björn Lévi Gunnarsson, þingmaður Pírata, sem hefur átt sæti í kjörbréfanefnd, telur þó að engin heimild sé í lögum til þeirrar endurtalningar. Fyrri tölur



Ef alvarleg vafamál verða áfram óleyst kemur jafnvel til greina að kalla þingið sérstaklega saman til skamms tíma. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**



Ég tel að lokatölur eigi að standa og endurtalningin sé ógild.



Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Miðflokksins

úr Norðvesturkjördæmi eigi að gilda. Yfirkjörstjórn hafi fyrir seinni talninguna verið búin að skila af sér niðurstöðunum til landskjörstjórnar og þar með sé engin lagaheimild til endurtalningar.

Ólafur Þ. Harðarson prófessor telur fráleitt að kjósa aftur í Norðvesturkjördæmi á grunni þess að fyrri kosning sé ónýtt. Engar líkur séu á að úrslitin séu ekki rétt þrátt fyrir hnökra. Fræðilegur möguleiki sé að Alþingi muni úrskurða kosningu þingmanna í kjördæminu ógilda en líkur á því séu afar litlar.

Spurður um afleiðingar af auknu vantrausti almennings gagnvart framkvæmd þingkosninga, segir Ólafur það skadlegt ef traustið dvín. En eins og hann sjái þetta mál sé engin ástæða til að vantreysta því að kosningar á Íslandi fari fram með heildarlegum hætti.

Ingi Tryggvason, formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjör-

dæmi, sér enga ástæðu til sérstakra viðbragða, spurður hvort hann ætli að axla ábyrgð á mistökunum svo sem að innsigli kjörgagna hafi ekki verið fyrir hendi milli talninga. Öryggismyndavélar á talningarstað sýni að þótt svæðið hafi verið yfirgefið í nokkra klukkutíma hafi enginn farið inn í rýmið þar sem gögnin hafi verið geymd.

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar sem sat í kjörbréfanefnd síðasta kjörtímabili, segir að ef kosnið yrði í Norðvesturkjördæmi á ný myndi heildarniðurstaða kosninganna á landsvísi ýta undir líkurnar á að þeir sem greiði atkvæði í annað sinn myndu kjósa strategískt í seinna skiptið, en ekki samkvæmt eigin sannfæringu. Ólíklegt sé að flokkar sem ekki náðu framgangi í kosningunum fengju atkvæði á ný sem dæmi. Jafnvel væri því eðlilegra að kjósa á ný í öllum kjördæmunum fremur en aðeins einu kjördæmi. ■



LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

9-22

OPIÐ ALLA DAGA

Renndu við í lúgunu

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF
Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG
Opið alla daga 9.00 - 22.00

Nýtt heyrnartæki
frá
Beltone

Beltone Imagine™

Skert heyrn spyr ekki alltaf um aldur



Pó aldur sé vissulega ein af ástæðum skertrar heyrnar koma ýmsir aðrir þættir til. Margir viðskiptavinir okkar tala um að þeir vildu hafa komið fyrr. Hágæða heyrnartækin frá Beltone **Imagine™** geta bætt lífsgæðin þín til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja tengist beint við snjallsímamann þinn eða önnur snjalltæki. Leggðu við hlustir með Beltone **Imagine™** – komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Ríkisstjórn sem mun elta tíðarandann frekar en að leiða

arib@frettabladid.is,
kristinnpall@frettabladid.is

STJÓRN MÁL „Ég met það þannig að þetta verði ríkisstjórn sem verður enn þá meira „woke“ en áður. Verði mest „woke“-ríkisstjórn sem mun elta tíðarandann frekar en að leiða,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins. Sigmundur er búinn að sofa á úrslitunum og segist búast við að ríkisstjórnin haldi áfram.

Stjórnarliðar hafi gefið það út fyrir kosningar. Hann segir það samstarf verða eins og landsmenn ættu að þekkja af síðustu fjórum árum. Það verði uppskrift að þjóðgarði og flokkarnir muni ausa peningum í loftslagsmál, þó með óljósum hætti, og þá verði Borgarlínan á dagskrá.

Þegar teikniborðið er skoðað sést að hægt er að mynda þriggja flokka stjórn og Miðflokkurinn kæmi inn í staðinn fyrir VG með Fram-



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

sóknarflokki og Sjálfstæðisflokki. „Hvað það varðar heldur maður sig við það sem ég sagði fyrir kosningar. Hjá okkur skipta málefni máli,

ef þeir vilja færa sig í átt að því sem ég kalla skynsemishyggju þá erum við reiðubúin að taka þátt í því. En mér sýnist þau vera að halda áfram með sitt prógramm.“

Sigmundur segir að margt hafi komið sér á óvart í niðurstöðum laugardagsins. „Árangur okkar kom mér á óvart. Ég hafði talið að kannanir myndu ekki sýna niðurstöðuna eins og hún varð. Ég hélt að við myndum fá meira en kannanir sýndu en það fór í öfuga átt. Það var

líka margt annað sem fór öðruvísi en spáð var.“

Hann segir það staðreynd að viðhorf til stjórnmála fari yfirleitt meira eftir tilfinningu en máli og rökum. „Nema ef það breytist rétt fyrir kosningar. Þá snýst þetta meira um stefnu og það sem flokkar hafa framkvæmt. Þveröfugt núna, meira um tilfinningar en áður þegar kom að kjördegi. Þeir sem höfðu náð að fanga tíðarandann, þeir eða auglýsingaskrifstofa, nutu góðs af því.“ ■



Nokkrir hafa kallað eftir því að kosið verði að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heimurinn fylgist með mistökunum

kristinnpall@frettabladid.is

ALÞINGI Óhætt er að segja að tíðindin af endurtalningu í þingkosningum hafi vakið heimsathygli enda hafði sú staðreynd að konur yrðu í meirihluta á Alþingi vakið verðskuldaða athygli. Vefmiðlar í Íran vöktu athygli á því að Lenya Rún Taha Karim, Íslendingur af kúrdískum uppruna sem var í nokkra tíma yngsti meðlimur Alþingis frá upphafi, hefði misst sæti sitt í endurtalningunni.

Það var ekki aðeins í Íran sem tilkynna þurfti að mistök hefðu átt sér stað. Washington Post og AP News fjölluðu um að dregið hefði úr fagnadarlátum á Íslandi þegar kom í ljós að konur væru ekki í meirihluta.

ABC í Ástralíu vitnaði í orð Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, um þær jákvæðu fréttir að konur væru í meirihluta en endurtalning hefði gert það að verkum að þær væru það ekki lengur.

Í fyrstu var talið að 33 konur hefðu komist inn á þing og stefndi um tíma í að Ísland yrði fyrsta landið í Evrópu þar sem meirihluti þingmanna væri konur. Fari svo að 30 konur komist inn á þing verða konur í 48 prósentu í hlutfalli á Alþingi sem er hæsta hlutfall kvenna á löggjafarþingi í Evrópu. ■

Hægri popúlistar tapa víðs vegar fylgi

Hægri popúlistaflokkar í Vestur-Evrópu halda áfram að tapa fylgi og þingsætum. Þetta birtist bæði hér á landi og í Þýskalandi. Próffessor segir stjórnmál þeirra þó halda velli.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Þingkosningarnar á Íslandi og í Þýskalandi um helgina staðfesta áframhaldandi hrun fylgis hægri popúlista í Vestur-Evrópu. Slíkir flokkar höfðu einnig tapað fylgi og þingsætum í norsku og hollensku kosningunum fyrir á árinu.

Í vor tapaði Frelsisflokkur Gerts Wilders rúnum tveimur prósentustigum og þremur þingsætum sínum. Fyrir í þessum mánuði tapaði Framfaraflokkurinn norski 3,5 prósentum og sex þingsætum. Um helgina tapaði Valkostur fyrir Þýskaland, AfD, rúnum tveimur prósentum og ellefu þingsætum og hér heima tapaði Miðflokkurinn fjórum þingsætum.

„Þessi tegund stjórnmála gengur í bylgjum og fylgi flokkanna sveiflast mikið. Í faraldrinum hefur verið minna rými en oft áður,“ segir Eiríkur Bergmann, próffessor í stjórnmálafræði við Bifröst, sem hefur rannsakað hægri popúlismann.

Til að mynda hafi þetta birst í orðum Sigmundar Davíðs á kosninganótt þar sem hann skýrði fylgishrun Miðflokksins. Að í faraldrinum hefði ekki verið neitt rými til þess að „ræða stjórnmál“.

„Fókusinn hefur verið tímabundið annars staðar en stjórnmál hægri popúlista eru þó hvergi nærri á undanhaldi,“ segir Eiríkur og bendir á að meginstraumsflokkarnir hafi einnig að sumu leyti slegið vopnin úr höndum þeirra með því að taka



Leiðtogar Valkosts fyrir Þýskaland, AfD, fylgjast með kosningasjónvarpinu á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Fókusinn hefur verið tímabundið annars staðar en stjórnmál hægri popúlista eru þó hvergi nærri á undanhaldi.



Eiríkur Bergmann, próffessor við Bifröst

Fylgi hægri popúlistaflokka í Evrópu á undanförmum árum

Land	Flokkur	Fylgi 2017	Fylgi 2021	Töpuð þingsæti
Noregur	Framfaraflokkurinn	15,2%	11,7%	6 af 27
Holland	Frelsisflokkurinn	13,1%	10,8%	3 af 20
Þýskaland	Valkostur fyrir Þýskaland	12,6%	10,3%	11 af 94
Ísland	Miðflokkurinn	10,7%	5,4%	4 af 7

sjálfir upp þjóðernishyggju. Þetta hafi til að mynda gerst hjá Sósíaldemókrataflokknum í Danmörku.

Síðasta stóra stökk hægri popúlista hafi komið árið 2016 í kjölfarið á hinum mikla flóttamannastrámi frá Miðausturlöndum og Afríku árið 2015. Umræðan um útlendingamál voru þá áberandi og beint samhengi milli hennar og fylgisaukningar hægri popúlista. Sú umræða hefur hins vegar dvínað sökum þess að færra fólk er á faraldsfæti.

Eiríkur segir erfitt að spá fyrir um það hvort kosningarnar í Svíþjóð og Frakklandi fari á sama veg. Þar hafa Svíþjóðardemókratarnir og Þjóðfylkingin verið sterk.

„Í síðustu forsetakosningum komst Marine Le Pen í aðra umferð sem lengst af þótti óheyrta að gæti gerst. Svíþjóðardemókratarnir unnu stórsigur í síðustu þingkosningum. Því er erfitt að sjá þessa flokka í línulegum vexti áfram.“

Hann bendir á að andstæðingar hægri popúlistaflokka ættu að bíða með að fagna dauða þeirra. Þessir flokkar hafi verið í andstöðu við hið frjálslynda lýðræði sem Vesturlönd séu byggð á. Undan því hafi molnað verulega í faraldrinum og það sé viðkvæmara en nokkurn tímann áður.

Flokkarnir séu ekkert á útleið þó þeir skipti kannski um lögum. „Þessi pólitík er komin til að vera.“ ■

Skattskrár vegna álagningar á einstaklinga og lögaðila á árinu 2019 og virðisaukaskattskrá vegna tekjuársins 2018 eru lagðar fram 27. september 2021 - 11. október 2021

Skrár yfir álagða skatta á tekjur einstaklinga og lögaðila á árinu 2019 vegna tekjuársins 2018 ásamt virðisaukaskattskrá eru til sýnis dagana 27. september til 11. október 2021 að báðum dögum meðtöldum á almennum starfsstöðvum Skattsins utan Reykjavíkur en í Reykjavík í Tollhúsinu Tryggvagötu 19.

Auglýsing þessi er birt, skv. 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 46. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Reykjavík, 27. september 2021

Ríkisskattstjóri



Lögreglubíll við Hverfisgötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hótaði að nauðga lögreglumanni

gar@frettabladid.is

DÓMSMÁL Hálfertugur karlmaður sem hótaði lögreglumönnum ofbeldi í lögreglubíl í febrúar á síðasta ári var í gær dæmdur í 30 daga skilorðsbundið fangelsi.

Maðurinn var ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa í lögreglubíl á leið frá Hafnarfirði að Hverfisgötu í Reykjavík hótað lögreglumanni ofbeldi með orðunum „Annað hvort setur þú vatn í augun á mér núna eða ég

geng frá þér síðar,“ og á lögreglustöðinni við Hverfisgötu hótað lögreglumanni ofbeldi með orðunum „Haltu kjafti, ég ætla foking að taka þig í rassgatið og ég ætla að berja þetta litla fifl,“ eins og segir í ákærinni sem maðurinn gekkst við.

Fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur að játning mannsins sé studd sakargögnum og er þá væntanlega átt við upptökur lögreglunnar. Einnig að maðurinn hafi gengist undir greiðslu fúsekta. ■

Upprættu stóran fíkniefnahring

kristinnpall@frettabladid.is

EVROPA Evrópulögreglan, Europol, tilkynnti í gær að 61 einstaklingur hefði verið kærður fyrir aðild að fíkniefnahring sem teygði anga sína til átta landa og átti stóran þátt í stöðugu flæði kókaíns í Evrópu. Meðal annars voru haldlögð 2,6 tonn af kókaíni og rúmlega 612 þúsund evrur í reidufé.

Aðgerðin var unnin í samstarfi við yfirvöld á Spáni, í Króatíu, Serbíu, Þýskalandi, Slóveníu, Bosníu og Hersegóvínu, Bandaríkjunum og Kólumbíu. Stærstur hluti hinna handteknu er frá Serbíu, Króatíu, Svartfjallalandi og Slóveníu.

Rannsóknin hófst á ábendingu um að einstaklingarnir ættu von á 1,2 tonna sendingu af kókaíni síðasta vor þegar þrettán voru handteknir. Í kjölfarið voru 48 aðrir handteknir í aðgerðum víða um Evrópu. ■

Íhuga bann við neyslu hundakjöts

kristinnpall@frettabladid.is

SUÐUR-KÓREA Moon Jae-in, forseti Suður-Kóreu, íhugar þessa dagana að banna neyslu á hundakjöti í landinu en talsmaður forsetaembættisins staðfesti þetta í samtali við þarlenda fjölmiðla. Áætlað er að Suður-Kóreubúnaar neyti um milljón hunda árlega en þeim hefur farið fækkandi sem kjósa að borða hundakjöt þar í landi undanfarin ár.

Að sögn talsmanns forsetans tók Moon Jae-in málið upp á fundi með forsætisráðherra Suður-Kóreu, Kim Boo-kyum, á fundi í gær en sífellt fleiri íbúar Suður-Kóreu eru farnir að halda hunda á heimilum sínum, meðal annars forsetinn sjálfur. ■



Mako hyggst flytja til Bandaríkjanna með verðandi eiginmanni sínum.

Mako gefur eftir lokagreiðsluna

kristinnpall@frettabladid.is

JAPAN Prinsessan Mako frá Japan hefur samþykkt að gefa eftir 150 milljóna jena greiðslu frá japanska keisaradæminu sem allar prinsessur eiga rétt á ef þær giftast manni af almúgaættum. Kom þetta fram í japanska ríkisfjölmiðlinum KHG en Mako vonast til að tilkynna tilvonandi brúðkaupsdag sinn á næstunni.

Mako, sem er barnabarn fyrrverandi keisara Japans, er trúlofuð Kei Komuro. Keisaratitillinn erfist í karlegg og kemur Mako því ekki til greina sem keisaraynja í Japan. Hún kynntist Komuro í háskólanámi og trúlofuðust þau árið 2017.

Um leið og Mako giftist Komuro gefur hún eftir réttindi sín sem prinsessa. Á hún samkvæmt lögum rétt á 150 milljóna jena greiðslu, um 173 milljónum íslenskra króna, en japanskir fjölmiðlar fullyrða að parið sé tilbúið að gefa eftir greiðsluna til að greiða leiðina að brúðkaupsdeginum. ■

Óvissa um næstu ríkisstjórn í Þýskalandi

kristinnpall@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Í gær var það staðfest að Jafnaðarmannaflokkurinn í Þýskalandi hefði unnið nauman sigur gegn Kristilegum demókrötum í þingskosningunum í Þýskalandi sem fóru fram um helgina. Með því lauk sextán ára sigurgöngu Kristilegra demókrata sem höfðu með Angelu Merkel í forystuhlutverki hlotið flest þingsæti í síðustu fernum kosningum.

Það er nú í höndum Olafs Scholz, fyrrverandi fjármálaráðherra, að mynda ríkisstjórn og hefur hann lýst yfir áhuga á að halda góðu sambandi við Bandaríkin og Bretland.

Áframhaldandi samstarf flokkanna gæti leitt af sér nýja ríkisstjórn en Armin Laschet, leiðtogi Kristilegra demókrata, útilokar ekki stjórnarviðræður með öðrum flokkum. Þangað til lausn finnst í þessum málum sinnir Merkel áfram starfi kanslara. ■



Scholz er líklegur sem næsti kanslari Þýskalands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kæru alþingismenn

VELKOMIN

TIL STARFA, FYRIR OKKUR ÖLL!

Við höfum kallað eftir hugrökku stjórnmalafólki til að breyta því að 80% fatlaðs fólks nær ekki endum saman. Það er staðreynd sem þjóðfélagið á ekki og má ekki sætta sig við.

STEFÁN VAGN STEFÁNSSON
PÓRDÍS KOLBRÚN REYKFIJÖRD GYLFAÐÓTTIR
LILJA RANNVEIG SIGURGEIRSDÓTTIR
BJARNI JÓNSSON
HARALDUR BENEDIKTSSON
EYJÓLFUR ÁRMANNSSON
HALLA SIGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR
GUÐBRANDUR EINARSSON
INGIBJÖRG ÓLÓF ISAKSEN
NJÁLL TRAUSTI FRÍÐBERTSSON
BJARKEY OLSEN GUNNARSDÓTTIR
LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR
LOGI MÁR EINARSSON
BERGLIND ÓSK GUÐMUNDSDÓTTIR
SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON
JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON
ÞÓRARINN INGI PÉTURSSON
JÓDÍS SKÚLADÓTTIR
GUÐRÚN HAFSTEINSDÓTTIR
SIGURÐUR INGI JÓHANSSON
ÁSTHILDUR LÓA ÞÓRSDÓTTIR
VILHJÁLMUR ÁRNASON
JÓHANN FRÍÐRIK FRÍÐRIKSSON
ÁSMUNDUR FRÍÐRIKSSON
HAFDÍS HRÖNN HAFSTEINSDÓTTIR
ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR
BIRGIR ÞÓRARINSSON
ORRI PÁLL JÓHANSSON
BJARNI BENEDIKTSSON
JÓN GUNNARSSON
WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON

GUÐMUNDUR INGI GUÐBRANDSSON
ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR
BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR
ÞÓRHILDUR SUNNA ÆVARSDÓTTIR
ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR
GUÐMUNDUR INGI KRISTINSSON
ÓLI BJÖRN KÁRASON
ÁGÚST BJARNI GARÐARSSON
BERGPÓR ÓLASON
SIGMAR GUÐMUNDSSON
ÁSLAUG ARNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR
SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR
KRISTRÚN MJÖLL FROSTADÓTTIR
LILJA DÖGG ALFREDSDÓTTIR
HILDUR SVERRISDÓTTIR
BJÖRN LEVÍ GUNNARSSON
INGA SÆLAND
HANNA KATRÍN FRÍÐRIKSSON
BIRGIR ÁRMANNSSON
ARNDÍS ANNA K. GUNNARSDÓTTIR
JÓHANN PÁLL JÓHANSSON
GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRDARSON
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR
HALLDÓRA MOGENSEN
HELGA VALA HELGADÓTTIR
ÁSMUNDUR EINAR DABASON
DILJÁ MIST EINARSDÓTTIR
STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR
ÞORBJÖRG SIGRÍÐUR GUNNLAUGSDÓTTIR
TÓMAS A. TÓMASSON
ANDRÉS INGI JÓNSSON
GÍSLI RAFN ÓLAFSSON

[15%
eru með
fötlun
skv. WHO
#WeThe15]

**Ábyrgðin er ykkar, verkefnið er okkar allra.
Við viljum vinna með ykkur – vörðum saman leiðina
að bættum lífskjörum.**

Með kveðju fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands

Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ

Úrslitin



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Framsóknarflokkurinn er ótvíráður sigurvegari alþingiskosninganna um nýliðna helgi, ásamt raunar Flokki fólksins sem kom, sá og sigraði á loka-sprettinum. Fátt er líkt með þessum tveimur flokkum nema ef vera kynni að báðir hafa þeir getað verið þeir sjálfir um árabil, hafa hvorki líðið fyrir innanflokksátök né verið aðþrengdir af öðrum flokkum á sama róli í stjórnmalunum, en þar fyrir utan hafa foringjar þeirra verið trúverðugir.

Af þessum tveimur flokkum sætir sigur Sigurðar Inga Jóhannssonar, formanns Framsóknarflokksins, þó meiri tíðindum en eitilhörd endurkoma Ingu Sæland á síðustu dögum kosningaráttunnar. Sigurður Ingi hefur laðað til sín fylgi Framsóknar á nýja leik eftir erfiðan og andstyggilegan klofning innan flokksins eftir fjármálahneyksli fyrrverandi formanns flokksins sem gekk úr húsi og hélt á bak á nýjum hesti þjóðmálanna.

Sá hinn sami er annar tveggja minnipokamannanna í kosningunum á þessu hausti, rétt treður marvaðann við fimm prósentu mörkin og er heppinn að haldast á floti, inntakslaus að miklu leyti og gott ef ekki áhugalaus eftir margra ára hildi í húsinu við Austurvöll.

Formaður Samfylkingarinnar verður sömu-leiðis að hugsa sinn gang. Flokkurinn er á einhverju pólitísku íði sem setur hann utan myndar í hugum fólks, en ekki hjálpuðu heldur innanmeinin í uppstillingu á lista flokksins sem voru honum dýrkeypt.

Sjálfstæðisflokkurinn má nokkuð vel una við afrakstur helgarinnar sem er líklega ígildi þægilegs varnarsigurs, en fylgi hans er vel að merkja enn þá í kringum sögulegt afhroð flokksins frá því fyrir tólf árum. Og það segir auðvitað sína sögu um stöðu flokksins – og raunar formannsins líka – að núorðið sættir hann sig við svoleiðis útkomu.


Nýlegir flokkar á borð við Pírata og Vindreisn sem báðir tveir eru nokkuð óljóst mengi á litrófi stjórnmalanna, ýmist hægra megin við miðju eða miðju megin við hægri, en klárlega frjálslyndir og alþjóðasinnadír, náðu sínu fyrir-séða fylgi, en engu umfram það. Það merkir að þeir eru komnir til að vera, en ekkert endilega til að sigra.

Og Vinstri græn? Þau lifðu sósíalístana af, nýjan og liflegan flokk sem hafði ekki erindi sem yfirlýsingar í íslenskri pólitík. Og spurningin er þá þessi í íslenskri pólitík á haustmánuðum: Mun Katrín Jakobsdóttir lengja líf núverandi stjórnar, eða leitar Sigurður Ingi Jóhannsson á önnur mið?

Hann ræður. ■

”
Sigurður Ingi hefur laðað til sín fylgi Framsóknar á nýja leik eftir erfiðan og andstyggilegan klofning innan flokksins eftir fjármálahneyksli fyrrverandi formanns.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Fidusafylleri

Kosningasjónvarp RÚV var ansi pínlegt á köflum þótt það toppi seint talningaruglið sem ekki sér fyrir endann á. Ríkisstjóðin stillti upp sínu helstu kanónum og Bogi Ágústsson, Jóhanna Vígdís Hjaltadóttir, Rakei Þorbergsdóttir og Heiðar Örn Sigurfinnsson stýrðu rándýru prógramminu sem virtist þó ekki nógu stórt fyrir stjórnurnar og núningur þeirra í milli skilaði sér lóðbeint heim í stofu. Þrátt fyrir að kunna öll sporin fundu þau aldrei taktinn þótt þau væru ekki jafn illa áttuð og útsendingarstjórnin sem var á einhvers konar fidusafylleríi og klippti alltof seint á kosningavökur þegar tölur voru lesnar upp.

Baldvin skemmtir sér

Þá verður sú galna ákvörðun að slá upp innslagartíi í Kjarvalsstofu lengi í minnum höfð. Þaðan fengu sjónvarpsáhorfendur skemmtistað beint í æð með svo skelfilegu hljóði að bakgrunnskliðurinn frá blindfullu fólki yfirgnæfði viðmælendur. RÚV greip enda á það ráð að taka bara upp frekar ódýra mikkrofóna þegar leið á útsendinguna. Baldvin Bergsson stýrði veislunni og fílaði sig ágætlega í því hlutverki enda tókst honum greinilega miklum mun betur að skemmta sjálfum sér en talnþyrstum áhorfendum. ■

Það sem konur þurfa alls ekki?



Andrea Róbertsdóttir
framkvæmdastjóri
Félags kvenna í
atvinnulífnum

Markmiðið með Alþjóðlega jafnlaunadeginum, sem haldinn var í annað sinn nýverið, er að vekja athygli á aðgerðum sem stuðla að launajafnrétti og hvetja til frekari aðgerða til að jafna laun kvenna og karla. Um er að ræða gamla slagara eins og launamismun kynja og launabilið sem nú á að brúa á 257 árum.

Minna er gert úr mannaúði kvenna þegar lítið er til menntunar, reynslu og þjálfunar og það eru alls ekki fleiri gráður sem konur þurfa heldur endurmat á virði starfa. Það er það sem við þurfum öll. Auðvitað er eina vitnið að fólk læri nýja hæfni á lífsleiðinni og uppgötvu sig aftur og aftur á tímum breytinga en hér er það tekið út fyrir sviga. Útgangspunkturinn er að þrátt fyrir aukna menntun kvenna og mannkosti hafa þær síður náð í ædstu stjórnunarstöður, þeim er enn ætlað að axla heimilisábyrgð samhliða því að ná langt í karllægu vinnuumhverfi samtímans – og enn hallar á konur er kemur að launum og áhrif kynjaðs vinnumarkaðar ná á efri árin þar sem tekjumunur kynjanna fer upp í gegnum kerfið og alla leið í lífeyrissjóðinn.

Á jafnlaunadegi í ár kom fram að konur vinna tvisvar og hálfum sinnum meiri ógreidda vinnu á heimilinu en karlar. Upplifun af heimilinu er því afar kynbundin, körlum í hag, og konur sitja því ekki við sama borð og karlar þegar kemur að því að nýta sér jafnréttið. Heimilisstörfin erfast milli kynslóða kvenna og breytingar á samfélagsgerðinni eru nauðsynlegar svo árangur náist.

Jafnrétti kynjanna átti að koma með kosningarétti og svo með menntun kvenna en í ljósi vanmetinna hlutverka og lítillækkaðra gilda kvenna er endurskilgreining á hvað er gott, flott og æskilegt það sem þarf. Það er þekkt stærð að fjölmargar kvennastéttir eiga að borða starfsánægju í öll mál og mér sýnist sem svo að konur þurfi margt, en alls ekki fleiri háskólagráður. ■



Minna er gert úr mannaúði kvenna þegar lítið er til menntunar, reynslu og þjálfunar.

Oktoberfest

Gæða Lederhosen, kjólar og fylgihlutir beint frá Þýskalandi!

Hokus Pokus

www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Samvinna í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga



Fjóla María Ágústsdóttir
leiðtogi stafræns umbreytingar-teymis hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Það er mikið ánægjuefni að sveitarfélögin í landinu hafi tekið höndum saman í febrúar á þessu ári um að vinna saman að stafrænni umbreytingu á sveitarstjórnarstiginu til að deila þekkingu og lausnum, þróa saman lausnir, hýsa þær og viðhalda og standa saman að útboðum. Þannig stefna þau hraðbyri að því að auka verulega þjónustu við íbúa og auka hagkvæmni í rekstri sveitarfélaga.

Meðal áfanga á síðasta ári er stofnun faghóps stafræna leiðtoga sveitarfélaga og stafræns ráðs sveitarfélaga, sem skipað er bæjarstjórum og kjörnum fulltrúum tilnefndum af landshlutasamtökum sveitarfélaga, auk fulltrúa Reykjavíkurborgar. Hlutverk stafræna ráðsins er að vera stefnumarkandi og stuðla að faglegu ákvörðunarferli um samstarfsverkefni sveitarfélaga og eftirfylgni þeirra en faghópurinn veitir ráðinu faglega ráðgjöf og leggur fram tillögur um samstarfstækifæri. Ráðið lagði til að bætt yrði við tveimur starfsmönnum til að vinna í stafrænu umbótateymi sveitarfélaganna hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og voru þeir ráðnir í júní síðastliðnum.

Fyrsta samstarfsverkefnið er hönnun sjálfsafgreiðslulausnar inni á Island.is og innviðauppbýgging fyrir sveitarfélögin þar. Lausnin sem er í þróun er umsókn um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og er hún komin vel á veg. Verkefnið mun ryðja brautina fyrir fleiri þjónustur sveitarfélaga inni á vefnum Island.is. Með þessari leið er verið að nýta þá tæknilegu innviði sem ríkið hefur byggt upp og leggja um leið grunn að tækniarkitektúr fyrir sveitarfélögin, sem getur nýst í sameiginlegum framtíðarverkefnum sveitarfélaga. Annað samstarfsverkefni er miðlægt áhættumat hugbúnaðarlausna fyrir skóla sem mun veita skólum betri yfirsýn yfir lausnir sem þeir geta nýtt sér og hugsanlega persónuverndaráhættu vegna þeirra. Þetta verkefni mun komast í gagnið í lok september í gegnum vefinn stafræn.sveitarfelog.is.

Þá er í hönnun þjónustuvefur fyrir sveitarfélögin í stafrænni umbreytingu (stafræn.sveitarfelog.is) en á honum er í mótun svæði sem kallast lausnatorg, en þar munu sveitarfélög geta deilt og fengið nettar stafrænar lausnir og kóða þeirra „open source“ eins og t.d. með sorphirðudagatali, reiknivélum fyrir ýmis gjöld sveitarfélaga o.fl. Þá geta verktafar hannað nettar opnar lausnir fyrir sveitarfélögin eða þau sjálf og atvinnulífið svo stutt sveitarfélögin við að setja þær upp. Fyrirmynd og reynsla af þessu er í Danmörku á vefnum OS2.eu og verður sagt frá honum á vefráðstefnu um stafræna umbreytingu þann 29. september. Einnig er unnið að leiðum til að gera stafræn innkaup sveitarfélaga hagkvæmari, með sameiginlegum leiðbeiningum, gæðaviðmiðum og rammamningum. Önnur verkefni snúa að stuðningi vegna „pilot“ verkefna þar sem sveitarfélögin hafa nokkur hver farið í saman og munu ef reynslan er góð verða verkefni sem nýst geta fleiri sveitarfélögum.

Stafræn tækni býður upp á mörg tækifæri fyrir hagkvæmari rekstur sveitarfélaga sem og betri ákvarðanatöku og þjónustu við íbúa. Sveitarfélög landsins verða að taka stór skref nú til að verða ekki eftir í hraðri tækniþróun sem nú á sér stað. Stafræna umbreytingarteymið kannaði í sumar áhuga sveitarfélaga til 64 stafræna verkefnatillagna en niðurstaða þeirrar könnunar er sá grunnur sem myndar forgangsroðun sameiginlegra

stafræna verkefna fyrir næsta ár, en nú eru verkefnatillögur úr þessari könnun í frekara umfangs-, ávinnings- og kostnaðarmati fyrir fjárhagsáætlun samstarfs sveitarfélaga í stafrænni þróun.

Ávinningurinn af samstarfi sveitarfélaga er margvíslegur, svo sem lægra verð við hugbúnaðarkaup, sameiginleg hönnun og þróun, sameiginleg hýsing, tengingar og viðhald lausna fyrir sveitarfélögin. Tími sparast við undirbúning verkefna eins og hugmyndavinnu, ferlagreiningar, þarfa-

greiningar, í leit að lausnum, við mat á lausnum, við samningagerð, við innleiðingu og breytingar verklags og menningar.

Ávinningurinn fyrir íbúa landsins verður betri þjónusta sem felur í sér þjónustu sem veitt er rafrænt og því er aðgengileikinn meiri, meiri sjálfsafgreiðsla, færri ferðir og minni tími sem þarf að eyða til að sinna erindum sínum við sveitarfélög. Við sjáum öll hvers vegna það er svo mikilvægt að vinna saman og í takt hjá sveitarfélögum þar sem lögbundin skylda

sveitarfélaga er sú sama en einnig er mikilvægt að vinna saman og í takt við ríkið. Þjónustur taka við hver af annarri og það væri mikil sóun á fjármagni að hugsa þessi stjórnslustig í sílóm þegar við höfum tækifæri til þess að endurhugsa og endurhanna þjónustur þegar við erum að byggja upp ferlin og kerfin með stafrænni tækni. Við þurfum að hanna út frá íbúanum, það er notendamiðað. Stiga skrefin sem notandinn þarf að stíga í gegnum kerfið.

Það er mikill metnaður í sveitar-

félögum er snýr að stafrænni þróun þeirra og tel ég að ákvarðanir um samstarf og uppbyggingu þess sé gríðarlegt gæfuspor. Reykjavíkurborg er með háleit markmið og hefur heldur betur fjárfest og nú þurfa önnur sveitarfélög landsins einnig að fjárfesta í stafrænni þróun. Þann 29. september mun stafræna umbreytingarteymið halda vefráðstefnu sveitarfélaga um stafræna umbreytingu, samstarfið og verkefnið og verður sú ráðstefna opin öllum. Skráning á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. ■

Sjóvá

440 2000

Hluthafafundur í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. 19. október 2021

Stjórn Sjóvá-Almennta trygginga hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður 19. október 2021 kl. 10 í fundarsal á Hilton Reykjavík Nordica, Suður-landsbraut 2, 108 Reykjavík. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.334.106.378. Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé.

Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:

1. Lækkun hlutfjár.

Stjórn Sjóvá-Almennta trygginga hf. gerir tillögu um að hlutafé Sjóvá-Almennta trygginga hf. verði lækkað um kr. 66.489.362, úr kr. 1.334.106.378 í kr. 1.267.617.016 að nafnverði, með ráðstöfun lækkunarfjárins til hluthafa Sjóvá-Almennta trygginga hf., í samræmi við ákvæði 2. lüluíðar 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995. Lækkunin fari fram miðað við gengi á hlutum í félaginu í lok dags 27. september 2021.

Tillagan um hlutfjárþækkun felur í sér að greidd er af eignum félagsins hærri fjárhæð en sem nemur lækkunarfjárhæðinni, eða sem svarar kr. 2.500.000.000 í heild og þar með kr. 2.433.510.638 umfram lækkun nafnverðs. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 2.433.510.638, mun verða færð til lækkunar á yfirverðsreikningi félagsins.

Tilgangur hlutfjárþækkunarinnar er að laga fjármagnsskipan félagsins að gjaldþolsviðmiðum stjórnar en gjaldþolshlutfallið liggur nú fyrir ofan efri mörk viðmiðanna.

Verði tillagan samþykkt mun félagið óska eftir því við fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra að félaginu verði veitt undanþága frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög. Að því tilskildu að sú undanþága verði veitt verður greiðsla til hluthafa innt af hendi svo fljótt sem auðið er, en þó aldrei fyrr en fimm viðskiptadögum eftir að fyrirvörum er fullnægt, að því gefnu að lögboðnum forsendum sé að öðru leyti fullnægt. Mun félagið þá jafnframt senda tilkynningu til kauphallar og upplýsa nánar um framkvæmd lækkunarinnar, þar með talið um viðmiðunardagsetningar varðandi réttindadag, réttindaleysisdag og áætlaðan greiðsludag. Við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.

Að auki felast í tillögunni breytingar á 4. gr. samþykka félagsins um hlutafé til samræmis við hlutfjárþækkunina.

sjova.is

2. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að leggja fram mál og/eða ályktunartillögur fyrir fundinn ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, þ.e. eigi síðar en kl. 10, 9. október 2021. Hafi hluthafar krafist þess að tiltekið mál eða ályktun verði tekið fyrir verða endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir hluthafafundinn. Hægt er að senda tillögur eða ályktanir fyrir fundinn á veffangið stjorn@sjova.is. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vef félagsins.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Öllum ákvörðunum heilbrigðisráðherra um samkomutakmarkanir á grundvelli sóttvarnalaga verður framfylgt á hluthafafundinum. Hluthöfum býðst að veita umboð til umboðsmanns um þátttöku á fundinum með fyrirmælum um hvernig atkvæði skuli greidd um þær tillögur sem til afgreiðslu eru. Hægt er að sækja viðeigandi umboðseyðublað á vefsvæði Sjóvá-Almennta trygginga hf.: <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/hluthafafundur/hluthafafundur-2021/> og senda rafrænt á gretar@lr.is. Nánari upplýsingar um umboð og skil þeirra er að finna í fyrrgreindu umboðseyðublaði á vefsvæði Sjóvá.

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef löglega er til hans boðað.

Fundarboð þetta, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða, dagskrá hluthafafundar og fundargögn, þ. á m. tillögur stjórnar, sem lögð verða fyrir hluthafafund, ásamt umboðseyðublaði eru aðgengileg á vefsvæði félagsins <https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/hluthafafundur/hluthafafundur-2021/>.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa geta skráð sig á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 9.30 á fundardag og fengið fundargögn afhent. Hluthafafundur og fundargögn verða á íslensku.

Reykjavík, 27. september 2021.

Stjórn Sjóvá-Almennta trygginga hf.

SJÓVÁ

Hagsýni heimilisfaðirinn



Stefán Atli Rúnarsson
viðskipta-
fræðingur og
fjölmíðlatæknir

Ég myndi ekki segja að ég væri nískur, frekar sparsamur.

Ég er hagsýni heimilisfaðirinn sem heldur fast um budduna og fylgist með útgjöldum hvers mánaðar í snjöllu forriti sem flokkar færslur eftir tegund. Nýlega fór ég af stað með sparnaðaráttak. Mig langaði að sjá hvort ég gæti minnkað útgjöldin mín í ákveðnum flokkum.

Ég ákvað að skipta þessu í þrjá meginflokka, mat, fatnað og afþreyingu.

Matarinnkaupin eru einföld, versla frekar í stórmörkuðum í stað þess að kaupa dýran skyndibita og ef farið er út að borða á dýra staði þá ekki oftar en einu sinni í mánuði.

Næst eru það fötin. Fyrir nokkrum árum reyndi ég að spara í fatainnkaupum og tók tímabil þar sem ég sleppti því að kaupa föt í tvö ár. Hefgert það áður, get gert það aftur.

Afþreying verður aðeins flóknari. Lífsnaúðsynleg. Dægradvöl, eitt hvað til að stytta sér stundirnar í amstri dagsins og lýsa upp sótsvartan raunveruleikann og skammdegðið



sem hellist yfir mann svona á haustmánuðunum. Músareyrun með falllega kastalanum, geislasverðunum og ofurhetjupakkinu fengu að fjúka. Þúff, um það bil 1.000 króna sparaðar á mánuði. Ekki langar mig að missa sænska græna vin minn sem gefur mér tónlist og hláðvörp á færibandi. Síðast en ekki síst, konungur streymisveita, rauði risinn. Veitan sem byrjaði þetta allt, Netflix. Ef ég myndi losa mig við hana, hvað ætti ég þá að horfa á? Er búinn að vera samfleytt með áskrift þarna síðan 2016, ekki langar mig að brjóta það streak. Kannski get ég sleppt því í einn mánuð og horft bara á Youtube og látið mata mig með ömurlegum auglýsingum á 5 mínútna fresti. Allt til þess að spara rúmar 1.500 krónur á mánuði. Auðvitað er æðisleg afþreying að fara í bíosal með vinum og komast aðeins út úr

húsi og upplifa raunveruleika annarra í 90 mínútur eða svo.

Þá datt mér annað í hug. Af hverju myndi ég ekki reyna að lifa lífinu þannig að hver dagur yrði eins og bíomynd? Kannski svolítið dramatísk yfirlýsing, en ekki ómöguleg. Lifa hvern dag eins og hann sé sá síðasti og prófa eitthvað nýtt á næstum hverjum einasta degi. Taka upp ný áhugamál sem þurfa ekki að kosta hálfan handlegg. Spjalla við fólk í heitapottinum eins og ég sé að stýra mínum eigin spjallþætti. Heim-sækja ættingja sem maður hittir kannski einu sinni á ári í fjölskyldubodum. Fara út að plokka rusl, fara í göngutúr. Hætta að hugsa að hlutir sem séu skemmtilegir þurfi að kosta pening. Setjast niður og skrifa pistla eins og þessa, það er dæmi um nýtt áhugamál hjá mér og það kostar ekki krónu. ■



Lífið í brjósti mér



Hrefna Guðmundsdóttir
stjórnarmaður í
Lífsvirðingu



Steinar Harðarson
stjórnarmaður í
Lífsvirðingu

sama ætti að gilda um ævilok. Þeir einstaklingar sem upplifa aðstöður sína óbærilegar, ekki bara vegna þjáninga, heldur einnig vegna annarra aðstöðna, ættu að hafa þann möguleika að ákveða eigin dauðdaga. Hafa tækifæri til að víðra það við einhvern sem hefur tök á að hlusta og getur látið það hafa áhrif á framvinduna. Í þeim löndum þar sem dánaraðstoð er í boði er þetta umræða sem fer fram við lækni og svo er óháður læknir eða þriðji aðili látinn meta stöðuna til að tryggja eftirlit. Einnig má geta þess að einstaklingur má alltaf hætta við dánaraðstoð fram á síðustu mínútna. Þegar stundin rennur upp getur sjúklingur valið hverjir eru viðstaddir og kvatt með þeim hætti sem hann óskar sér.

Á síðasta áratug hafa æ fleiri lönd löglegt dánaraðstoð. Skoðana-kannanir víða um heim hafa einnig sýnt mjög aukið fylgi við dánaraðstoð þar sem slíkt er enn ekki í boði. Þetta á jafnt við um almenning og heilbrigðisstarfsfólk.

Í umræðu um dánaraðstoð hér á landi hafa helstu rökin fyrir slíkri lagasetningu verið þau að losa dauðvona einstaklinga undan óbærilegum þjáningum þegar engin von er lengur um bata. Það eru sannarlega gild og mannúðleg rök.

Þegar fjallað er um mögulega lagasetningu dánaraðstöðar vaknar einnig spurningin um eignarréttinn á eigin lífi. Hver á lífið í brjósti mér? Eru það æðri máttarvöld, samfélagið sem ég tilheyri, ríkið, lækarnir? Stundum virðast rökin gegn dánaraðstöð byggjast á því að einmitt einhver annar en einstaklingurinn sjálfur hafi þetta eignarhald á lífinu. Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er í 72. grein kveðið á um eignarréttinn: „Eignarrétturinn er friðhelgur.“ Engin sambærileg ákvæði varða réttinn á eigin lífi.

Það ætti að vera skylda hvers samfélags að tryggja það að einstaklingar geti lifað með reisu alla ævi, þ.e. haft áhrif á sín örlög. Hið

Ástæðurnar fyrir því að vilja velja dánaraðstoð geta verið tilvistarlegar, þegar lífsgæðin eru nánast engin, hreyfigetan horfin og aðstoð þarf við allar daglegar þarfir, tilveran óbærileg.

Oft er mikið gert úr því að þessi möguleiki á að ráða eigin lífslokum sé síðferðilega mjög erfið spurning. Mögulega er það svo. En þegar haft er í huga að iðulega eru teknar ákvarðanir um líf og dauða á heilbrigðisstofnunum okkar verður þessi spurning enn flóknari. Það er oft sameiginleg ákvörðun lækna og aðstandenda að hætta nauðsynlegri meðferð til að halda einstaklingi á lífi. Stundum er notast við of stóra skammta af deyfilyfjum s.s. morfíni. Ef það er síðferðilega vafasamt að einstaklingur sjálfur geti tekið ákvörðun um eigin lífslok, hvað þá um það þegar lækna og aðstandendur taka slíkar ákvarðanir?

Dánaraðstoð felur í sér virðingu fyrir sérhverri manneskju og rétti allra til að geta ráðið lífslokum sínum, enda líf sitt með reisu. ■

Gaga



Jóhann Ágúst Sigurðsson
heimilislæknir
og fyrrverandi
prófessor

Undanfarnar vikur hafa forystumenn stjórnmálaflokka keppt við að auglýsa stefnuskrár sínar og áherslur fyrir kosningar. Þeim er svo fylgt eftir með hnitmiðudum slagorðum, sem eiga að vera innihaldsrík, áhrifamikil og grípandi – væntanlega kosningaloford. Gott mál það, enda grundvöllur lýðræðis. Eitt þessara slagorða vakti þó sérstaka athygli. Miðflokkurinn birti endurtekið heilsíðumynd af formanni flokksins undir slagorðinu. „Almenn heilbrigðisskimun á þrjú ára fresti þér að kostnaðarlausu!“

Fyrstu viðbrögð fagfólks voru bara að glotta eða brosa góðlátlega – þetta er bara gaga grín, var sagt. Ha, ha, skima fyrir hverju – þekkingu, greind, glöpum? Og af hverju á þrjú ára fresti og á hvaða aldri?

Þegar slagorðið var endurtekið í blöðum og útvarpi var öllum ljóst að þetta var ekkert grín. Slagorðið var og er að mínu mati bæði varhugavert og óábyrgt. Þar af leiðandi áhyggjuefni. Áhyggjuefni m.a. vegna þess að innan flokksins er fólk í forystu sem hefur tjáð sig um skimanir í fjölmíðlum. Þetta slagorð getur leitt til kolrangra skilaboða til þjóðarinnar um ágæti skimana og jafnvel að þær séu ódýr og örugg forvörn. Málið er ekki svo einfalt og fer eftir því fyrir hverju er skimað. Skimanir kosta mikið og lýðheilsuárangur oft óljós. Skimanir lækka til dæmis ekki heildardánartíðni þess hóps sem tekur þátt.

Mikilvægt er að þeir sem hafa áhuga á að skipuleggja heilbrigðismál kunni skil á skilmerkjum, kostum og göllum skimana, sem samþykkt hafa verið af Alþjóðahheilbrigðismálastofnuninni (WHO), síðast árið 2020. Benda má á að í titli þeirrar skýrslu er orðalagið „til að hámarka gagnsemi og gera sem minnstan skaða“ (maximize benefits and minimize harm). Þetta orðlag undirstrikar áherslur hinnar faglegu umræðu sem beinst hefur að hinu flókna jafnvægi á milli ávinnings annars vegar og skaða skimana hins vegar síðastliðna áratugi.

Ofanritað beinist eingöngu að einu slagorði eða áhersluatriði væntanlegra þingmanna og með vilja skrifað eftir kosningar til þess að leggja áherslu á að um er að ræða langtímaverkefni – að fræða almenning um kostnað, kosti og takmörk skimana. ■

Við viljum vera hjá þér í sportinu

Tryggðu þér áskrift á stod2.is



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 28. september 2021



Það er tilvalið að nota frosna afganga á heimagerða pitsu í kvöld.

Frosið góðgæti

thordisg@frettabladid.is

Til að koma í veg fyrir að matur lendi í ruslinu er ráð að frysta hann. Til dæmis má frysta ferska tómata, chili, banana, lárperur, hvítlauk, ost, rjómaost og smjör.

- Lárpera: Fjarlægðu stein og hýði, og skerðu lárperuna í tvo til fjóra bita. Pakkaðu í plastfilmu og settu í plastbox. Líka má maula lárperuna og frysta í litlum skömmtum.
- Hvítlaukur: Skiptu hvítlauk í geira og taktu utan af honum. Það er auðvelt að skera hann þótt frosinn og nota í mat.
- Chili: Áður en chili þornar í ísskápnum er tilvalið að skella honum heilum í frysti og geyma þar til á þarf að halda.
- Tómatar: Skerðu þá í báta, settu í box og frysti. Auðvelt að taka tómata úr frysti og setja í heita réttinn næst og þá má sleppa tomatmaukinu í uppskriftinni.
- Bananar: Þá má frysta í hýðinu, heila í bitum eða maula.
- Ostur: Vill enginn borða endastykkinn? Safnaðu þeim þá saman í frystinum og rifðu niður næst þegar búin er til heima-pítsa. Það er líka gott að rífa ostinn niður jafnóðum, þá áttu alltaf rifinn ost í frystinum.

Heimild: Leiðbeiningastöð heimilanna, leidbeiningastod.is ■



Sólveig og Sírrý hjá Ossom bjóða viðskiptavinum sínum upp á einstakar lausnir við hárvandamálum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Miðstöð fyrir lausnir á alls kyns hárvandamálum

Ossom útlit býður upp á hársvarðargreiningar og meðferðir við alls kyns hárvandamálum. Það er eina fyrirtækið sem býður upp á vandaðar lausnir hjálpartækjaframleiðandans Cesare Ragazzi Laboratories frá Ítalíu og þar er hægt að fá meðferð í fullkomnu næði. **2**



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ALOE VERA
HREINN SAFI



30
DAGA
SKAMMTUR

www.celasis.is

„Ossom útlit býður upp á hárkollur, hártoppa, höfuðföt og fylgihluti, hármæðferðir, hársvarðargreiningar og náttúrulegar hárvörur,“ segir Sigríður Margrét Einarsdóttir, eða Sirrý, hársnyrti-meistari og meðeigandi Ossom. „Við getum einnig boðið upp á almenna hársnyrtingu og föröun, en Sólveig Birna Gísladóttir, vinkona mín og meðeigandi, er föröunarfræðingur sem hefur rekið eigin föröunarskóla og hefur mikla reynslu úr bæði leikhúsi og sjónvarpi.

Við bjóðum upp á einstakar vörur sem eru sérhannaðar með hárlös og önnur hárvandamál í huga,“ segir Sirrý. „Hárvörðurinn skiptir rosa miklu máli. Ef þú ert ekki með heilbrigðan hársverð ertu ekki með heilbriggt hár. Þetta er eins og með plönturnar, þú þarft að vökva ræturnar, en ekki blöðin.“

Samstarf við

hjálparkjafraframléiðanda

„Ég hef starfað sem hársnyrti-meistari í 25 ár en stofnaði Ossom með Sólveigu í desember 2020,“ segir Sirrý. „Þetta er hugmynd sem ég hafði verið með í maganum lengi. Ég hafði lengi leitað að öllu sem tengdist hárlösi og lausnum á hárvandamálum, því það er ekki nóg af lausnum í boði á Íslandi. Ég rakst svo á ítalska fyrirtækið Cesare Ragazzi Laboratories og fór að kynna mér það nánar og varð þá yfir mig spennt. Ég hef aldrei heillast eins mikið og niðurstaðan varð sú að við fengum einkaleyfi fyrir því að vera með klíník á Íslandi og urðum þar með 28. landið til að opna slíka klíník.

Þetta er 50 ára gamalt fyrirtæki sem byrjaði sem venjulegt hárkollufyrirtæki en hefur verið duglegt að prófa lausnir og einblína á hárlös og hársvarðarvandamál. Í samvinnu við Háskólann í Bologna hefur það hannað hárgreiningarmæðferð sem greinir umframolíu-framléiðslu í hársverði, rakastig og sýrustig og tekur smásjármyndir af hári, hársverði og hársökkjum,“ segir Sirrý. „Það gefur okkur góðar forsendur til að meta hvort við getum hjálpað eða ekki, en við erum líka að hjálpa þeim sem hafa mikla flösu, viðkvæma eða feita húð eða glíma við önnur skyld vandamál.

Cesare Ragazzi Laboratories bjóða líka upp á nokkuð sem kallast CNC System sem er notað við gerð hártoppa og hárkollna. Þá er tekin þrívíddarmynd af höfðinu og mót af svæðinu sem þarf að þylja og svo er það sent til Ítalíu þar sem höfuðið er prentað út í raunstærð og svo tekur við þriggja mánaða ferli þar sem hverja einasta hári sem þarf er komið vandlega fyrir,“ segir Sirrý. „Þá er tekið mið af húðlit og hártægund og gerðar mjög sterkar gæðakröfur, enda er fyrirtækið skilgreint sem hjálpar-tækjafraframléiðandi á Ítalíu.“

Mikil áhersla á rétt vinnubrögð

„Í sumar fórum við til Ítalíu á námskeið til að læra á CNC, en það krefst mjög nákvæmra mælinga og það er lögd mikil áhersla á að við lærum að gera þetta rétt. Núna er fulltrúi frá fyrirtækinu að fylgja þessu námi eftir og hjálpa okkur af stað með okkar fyrstu kúnna,“ segir Sirrý. „Við fáum svo fleiri heimsóknir frá þessum fulltrúa til að tryggja að okkur sé 100% treystandi til að sinna þessum mæðferðum áður en við förum að gera það einar.

Ég missti sjálf hárið og var að fá nýja hárið mitt frá Cesare Ragazzi Laboratories. Núna er ég með sitt og fínt hár, en áður var það gisið,“ segir Sirrý ánægð.

Fullkomið næði í mæðferðum

„Þessi tækni gerir okkur kleift að bjóða einstakar lausnir sem fást hvergi annars staðar á Íslandi. Við getum til dæmis búið til hártoppa



Algengasta vandamálið sem fólk glímir við er hárlös og það hefur komið Sirrý og Sólveigu á óvart hversu margt fólk af öllum kynjum glímir við alopecia.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR



Fyrir og eftir CNC-mæðferð.



MYNDIR/ADSENDAR



Hárvörðurinn skoðaður með smásjármyndavél.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Ótrúlega ánægð með Havogen Five

Estrid Þorvaldsdóttir er jógakennari sem er að klára meistaranám í hagnýtri menningarmiðlun. Það hefur tekið á að sinna náminu með framfullu starfi og foreldrahlutverkinu, svo hún hefur þjáðst af streitu sem olli hárlösi.

„Ég var búin að heyra af því að þjónustan hjá Ossom útliti væri mjög góð svo ég ákvað að leita til þeirra vegna hárlössins, en ég var komin með skallablett vegna streitu,“ segir Estrid. „Þær sýndu mér þennan Havogen 5 plástur frá Ítalíu og ég prófaði hann og þá snarhætti hárlösið og hár fór aftur að vaxa á skalla-blettinum.

Ég tók líka eftir því að þetta nærir húðina vel og gerir hana oliukenndari þegar hún þornar upp vegna streitu, það er eins og það séu efni í þessu sem endurhlaða húðina,“ segir Estrid. „Ég hef notað plástrana af og til í sex mánuði og hárgreiðslukonan mín sér svaklega breytingu á mér. Fólk hefur

líka haft orð á því að ég sé unglegr og líti betur út, þannig að þetta er greinilega gott fyrir útlitið líka.

Ég fann strax mun þegar ég setti þetta á hnakkann og finn dagamun þegar ég er með plásturinn. Núna er hárið alltaf í rosalega góðu standi þegar ég er með hann,“ segir Estrid. „Ég er enn að klára námið og er því enn í streituástandi, en kannski þarf ég minna á plástrunum að halda þegar hún minnkar. En í bili finn ég hvernig plástrarnir hjálpa ekki bara hárinu heldur minnka þeir streitu og vöðvabólgu almennt og róa niður kerfið.

Ég mæli því algjörlega með Havogen 5 plástrunum, sérstaklega fyrir þá sem glíma við sífellda streitu. Mér hefur þótt virknin alveg ótrúleg,“ segir Estrid að lokum.



fyrir karla sem eru með smá hár að ofan án þess að það þurfi að raka hárið sem er undir. Þetta eyðileggur því hvorki hár né húð,“ segir Sirrý. „Þetta er líka ekki kallað hárkolla heldur annað höfuðleður, eða „second scalp“, því það er örþunn filma sem leggst yfir húðina sem er alveg sniðin að höfuðlagi, húðlit og hártægund hvers og eins.

Það er opið hjá okkur milli 10-17, en ef fólk vill koma og mæta eða í hárgreiningu viljum við að fólk hringi og bóki tíma,“ segir Sirrý. „Við leggjum áherslu á að bjóða faglega og einstaklingsmiðaða þjónustu og þess vegna erum við með sér herbergi fyrir þetta til að gefa fólk bæði tíma og næði.“

Ótrúlega margir með hárlös

„Þjónustan okkar er fyrir alla sem finnst þeir þurfa á einhverri

hjálp að halda varðandi hárlös eða vesen í hársverði. Við getum líka hjálpað þeim sem hafa misst hár vegna skurðaðgerða eða slysa, nú eða gefið fólk hárlengingar ef hárið er þunnt í endann. Við höfum líka verið með kúnna sem hafa þurrk og exem í hársverði og bjóðum upp á tæki sem sóttþreinsa hársvörðinn, höfuðnuddtæki sem örvar blóðflæði og ýtir undir árangur mæðferða, innrauða ljósmæðferð sem minnkar bólgu og opnar hársækki og bláljósamæðferð sem er sóttþreinsandi og í líkingu við það sem er notað fyrir psoriasis,“ útskýrir Sirrý. „Það er líka hægt að koma í hársþa-mæðferð, en hún ýtir undir virkni hármæðferðanna sem fólk sinnir heima fyrir.

Algengasta vandamálið sem fólk glímir við er hárlös og það hefur komið okkur á óvart hvað það er



Græna mæðferðarlinan er sérstaklega hönnuð fyrir hárlös og veikbyggt hár.



Fjólubláa linan er hönnuð fyrir þurrkan og viðkvæman hársverð.

MYNDIR/ADSENDAR



Gula linan er til að koma í veg fyrir að umfram olíumyndun í hársverði.

mikið af fólk af öllum kynjum sem glímir við alopecia, sem er læknisfræðilega heitið,“ segir Sirrý. „Ef fólk er að missa hár varanlega kemur CNC-tækni sterk inn og veitir sér-sniðnar lausnir. Það eru líka margir sem glíma við þetta tímabundið, til dæmis konur sem hafa nýlega eignast börn eða fólk sem er undir miklu álagi. Þá fara hormónakerfi stundum í ójafnvægi og hárið getur orðið líflaust eða losnað og við bjóðum mæðferð við því.



Havogen 5 plástur.

Við seljum Havogen 5, kringlóttu plástra sem fara á hnakkann í 12 tíma í senn og hafa notið mikilla vinsælda á Ítalíu. Við erum öll með testósterón í líkamanum og það framléiðir DHT, sem kemur jafnvægi á hárvöxt. En stundum verður offramleiðsla á DHT, sem veldur hárlösi. Það er sérstaklega algengt hjá karlmönnum,“ útskýrir Sirrý. „Það eru margar rannsóknir á bak við þennan plástur og hann dregur úr DHT og gefur húðinni E-vítamín, sem hefur góð áhrif. Við erum núfarin að selja plástrana en höfum nú þegar fengið gríðarlega jákvæð viðbrögð.“ ■

Útfaraþjónustur

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 28. september 2021

Kynningar: Granítsteinar, Útfararstofa Kirkjugarðanna



„Starfsfólk Granítsteina er með áralanga reynslu af vinnslu og uppsetningu legsteina,“ segir Sigurður Hjalti Magnússon, framkvæmdastjóri Granítsteina.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fallegir legsteinar sem henta íslenskum aðstæðum mjög vel

Granítsteinar sérhæfa sig í legsteinum og bjóða í dag upp á eitt mesta úrval landsins af legsteinum. Starfsfólk fyrirtækisins veitir alhliða ráðgjöf þegar kemur að vali á steinum og fylgihlutum.

Fyrirtækið Granítsteinar var stofnað 2008 og hefur frá upphafi sérhæft sig í bæði legsteinum og borðplötum. Undanfarin ár hefur fyrirtækið vaxið jafnt og þétt og býður í dag upp á eitt mesta úrval landsins af legsteinum, að sögn Sigurðar Hjalta Magnússonar, framkvæmdastjóra Granítsteina. „Starfsfólk Granítsteina er með áralanga reynslu af vinnslu og uppsetningu legsteina. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval legsteina í nokkrum litum, stóra og smáa og sérsmíðum einnig steina samkvæmt óskum viðskiptavina okkar.“

Aðspurður hvort tískusveiflur hafi áhrif á val fólks á legsteinum segir Sigurður að bransinn vinni meira með klassíkina. „Flestir vilja svart granít sem er að sjálfsögðu

afar endingargott og hentar mjög vel við íslenskar aðstæður. Við höfum þó fundið það síðustu árin að fólk er orðið óhræddara við að velja litríkari steina og óhefðbundin form sem er að mínu mati jákvæð þróun.“

Einfalt ferli

Ferlið við að velja stein er afar einfalt og þægilegt, segir Sigurður. „Annað hvort koma viðskiptavinir til okkar eða senda okkur fyrirspurn í tölvupósti. Við ráðleggjum þeim varðandi val á steinum, til dæmis tegund af steini og stærð sem hentar hverjum og einum. Því næst gerum við próförk af steininum þar sem áletrunin og aukahlutir eru á sínum stað sem auðveldar fólki að sjá fyrir sér lokaútkomuna.“ Granítsteinar >>

» bjóða einnig upp á blómarramma í sömu litum og legsteinarnir. Þeir koma í þremur lengdum; 60 cm, 80 cm og 120 cm.

Að ýmsu þarf að huga við val á steinum, að sögn Sigurðar. „Það gilda til dæmis mismunandi reglur milli duftgrafreita varðandi stærðir legsteina og jafnvel ólíkar reglur eftir slíkum grafreitum. Því er mikilvægt láta starfsfólk Granítsteina hafa samband snemma í ferlinu við umsjónarmann viðkomandi duftgrafreits sem veitir tilsögn í slíkum málum.“

Fjölbreytt úrval fylgihluta

Þegar búið er að velja sjálfan steininn er komið að því að huga að áletruninni. „Granítsteinar bjóða upp á ýmsar lausnir þegar kemur að áletrunum á legsteina. Þar má meðal annars nefna igráfnar áletranir, upphleyptar áletranir og koparstafi. Samhliða áletrun huga margir að igröfnum myndum en þar bjóðum við líka upp á gott úrval af myndum sem henta hverjum og einu. Starfsfólk okkar aðstoðar fólk við að útbúa myndir ef þess er óskað.“

Einnig má nefna að Granítsteinar bjóða upp á fjölbreytt úrval fylgihluta í samstarfi við Biondan, sem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu aukahluta sem standast krefjandi íslenskt veðurfar. „Það má skoða úrvalið í verslun okkar í Helluhrauni 2 í Hafnarfirði en auk þess má sérpanta aukahluti frá Biondan.“

Æskilegt er að minnsta kosti eitt ár hafi liðið frá greftrun þar til steinn er settur upp, til að koma í veg fyrir að steinninn verði skakkur. „Þegar kemur að uppsetningu legsteinsins bjóðum við upp á uppsetningu hans í nágrenni höfuðborgarsvæðisins gegn vægu aksturgjaldi. Auk þess sendum við legsteina út á land viðskiptavinum að kostnaðarlausu.“

Styttist í jölin

Nú þegar haustið er komið segir Sigurður tilvalið að huga að leiðum ástvína fyrir jólahátíðirnar. „Tíminn getur verið fljótur að líða í annríki dagsins og því gott að vera tímanlega í þeim framkvæmdum. Í því sambandi má nefna að Granítsteinar þjónusta allar tegundir legsteina, hvort sem um er að ræða endurmálun á áletrun, þríf eða að bæta við áletrun á legsteininn. Ef komið er með steina til okkar sjáum við einnig um að áletra slíka steina.“ ■

Granítsteinar eru í Helluhrauni 2 í Hafnarfirði. Sími 544 5100. Nánari upplýsingar á granitsteinar.is.



„Starfsfólk Granítsteina er með áralanga reynslu af vinnslu og uppsetningu legsteina. Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval legsteina í nokkrum litum, stóra og smáa og sérsmíðum einnig steina samkvæmt óskum viðskiptavina okkar,“ segir Sigurður Hjalti Magnússon, framkvæmdastjóri Granítsteina.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK



Granítsteinar selja mjög gott úrval legsteina og úrval fylgihluta. Dökkt granítið er alltaf vinsælt en síðustu ár hefur fólk orðið óhræddara við að velja aðra litrikari steina og óhefðbundin form.

Hlusta á þarfir aðstandenda á kveðjustund

Á Útfararstofu Kirkjugarðanna starfar fólk af mikilli fagmennsku með fjölbreytta menntun og áratuga reynslu af útfararþjónustu. Útfararstofan hefur starfað í yfir 70 ár og þjónustar fólk allan sólarhringinn alls staðar að af landinu og óháð trúarbrögðum.

Þegar andlát náins aðstandanda verður aðstoðar Útfararstofa kirkjugarðanna fólk við allan undirbúning útfararinnar. Starfsfólk útfararstofunnar sér um alla þjónustu vegna andlátsins, allt frá líkflutningi til hinstu hvílu.

„Við aðstoðum í raun og veru við allt sem við kemur útförinni, eins og að bóka prest, kirkju, tónlistarfólk og blóm. Við aðstoðum fjölskylduna við að afla leyfa og veita upplýsingar um réttindi og fylgjum fjölskyldunni í gegnum allt ferlið, kistulagningu, jarðarför og upp í kirkjugarð,“ segir Guðný Hildur Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Útfararstofu kirkjugarðanna.

„Við bjóðum fólki að koma í viðtal til okkar í hlýlegu umhverfi í Vesturhlíð 2 en við getum einnig komið í heimahús. Við sækjum þann látna ef andlát verður í heimahúsi og bjóðum aðstandendum upp á nærverustundir ef einhver hefur ekki haft tók á að koma að dánarbeiðinum.“

Guðný segir að hjá Útfararstofu kirkjugarðanna sé alltaf einhver við símann allan sólarhringinn allt árið þar sem andlát geta borið að á öllum tímum.

„Við leggjum áherslu á að hlusta á óskir aðstandendanna og að þeir fái aðstoð við að gera útförina persónulega. Þegar aðstandendur koma í viðtal látum við þá hafa gátlista og við förum yfir þau atriði sem þarf að huga að, skref fyrir skref. Stundum hefur hinn látni komið fram með óskir um hvernig útförin á að vera áður en hann fellur frá. Aðrir hafa hins vegar aldrei rætt það við sína nánustu. Þá hlustum við á óskir aðstandenda og reynum að mæta þeim.“

Þjónusta óháð trúarbrögðum

Útfararstofa kirkjugarðanna leggur metnað í að þjónusta alla óháð trúarbrögðum. Hægt sé að fá allar kistur án krossa og hægt er að fá önnur tákni eða myndir á kisturnar eða duftkerin ef fólk vill.

Þó að útfararstofan sé með aðsetur í Fossvoginum í Reykjavík þjónustar hún allt landið. Til dæmis er veitt aðstoð við flutning á hinum látna verði andlátíð á landsbyggðinni en útförin á höfuðborgarsvæðinu eða öfugt.

„Sömuleiðis veitum við aðstoð við flutning á kistu eða duftkeri milli landa ef andlát er erlendis og flytja þarf hinn látna heim eða ef viðkomandi deyr hérlendis en á að vera jarðsettur erlendis. Þá fá aðstandendur aðstoð við að afla allra leyfa til að flytja hinn látna,“ segir Guðný.

„Við erum í samstarfi við tryggingarfélag og útfararstofur erlendis og aðstoðum aðstandendur ef skyndilegt andlát verður hér á landi hjá til dæmis ferðamönnum. Það þarf að afla mikilla pappíra og gagna og við leiðum fólk í gegnum það ferli.“

Samtal um hinstu ósk

Útfararstofa kirkjugarðanna býður upp á samtal um hinstu ósk. Það er að segja óskir varðandi eigin útför.

„Það geta verið ýmsar ástæður fyrir að fólk vilji skrá sínar óskir. Sumir eru veikir og vita að þeir eru dauðvona, svo eru aðrir sem vilja bara ákveða þetta fyrir fram til að



Starfsfólk Útfararstofu Kirkjugarðanna leggur sig fram um að koma til móts við óskir aðstandenda á kveðjustund.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Í Vesturhlíð 2 er sýningarherbergi með kistum, duftkerjum, leiðismerkum, rúmfötum og líkklaðum.



Guðný Hildur, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna, segir markmið útfararstofunnar að benda aðstandendum á leiðir sem henta þeim.

gera aðstandendum sínum auðveldara að skipuleggja útförina,“ útskýrir Guðný.

„Við látum fólk fá bækling og bjóðum fólki að fara yfir hann í sameiningu en sumir vilja taka hann með heim og fylla inn þar. Óskirnar eru varðveittar hjá útfararstofunni sem kynnir þær fyrir aðstandendum þegar að andláti kemur.“

Öll þjónusta á einum stað

Útfararstofa kirkjugarðanna er til húsa í Vesturhlíð 2 þar sem má finna sýningarherbergi með kistum, duftkerjum, leiðismerk-

ingum, rúmfötum og líkklaðum.

Duftkerin og kisturnar sem útfararstofan býður upp á eru vistvænar. Á vefsíðu útfararstofunnar, utfor.is, er vefverslun þar sem hægt er að kaupa til dæmis krossa, kistur og duftker beint.

„Vefversluninni er ætlað að auka þjónustuna við þá sem búa til dæmis úti á landi. Þar er hægt til dæmis panta krossa sem við sendum hvert á land sem er eða förum með í kirkjugarðana á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Guðný.

„Við erum með íslenskar og erlendar kistur og duftker. Við

erum með svartar kistur, hvítar kistur og rauðar kistur, ýmiss konar viðarkistur og fjölbreytta liti af duftkerjum. Við viljum bjóða upp á eitthvað fyrir alla. Ef hinn látni hélt til dæmis mikið upp á grænan lit þá geta ættingjarnir valið græn duftker eða græna kistu, ef einhver var hrifinn af fuglum þá reynum við að koma til móts við það. Við förum eftir því hvað fjölskyldan vill og hlustum á þarfir hennar, en bjóðum ekki upp á fyrir fram gefnar leiðir,“ útskýrir Guðný.

„Í rauninni er kista það eina sem verður að hafa og ef það er bálför

þá er nauðsynlegt að hafa duftker líka. Allt annað er valfrjálst. Það er engin skylda að hafa athöfn, prest eða kirkju. En langflestir óska þess þó að hafa hefðbundna kveðjustund. Markmiðið með okkar þjónustu er ekki að segja aðstandendum hvað þeir eiga að gera. Við bendum þeim á leiðir og aðstoðum þá við að finna leiðir sem henta þeim og samræmast óskum þess látna.“ ■

Nánari upplýsingar á utfor.is eða hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna Vesturhlíð 2, sími 551 1266

Merking moldar, kross, blóma og blæju við útför

Tákn í útförum hafa djúpstæða merkingu.

thordisg@frettabladid.is

Mold kemur við sögu í útförum. Þegar prestur kastar rekunum, tekur hann litla skóflu, fyllir hana af mold og lætur þrisvar renna úr skóflunni á kistuna með orðunum: „Af jörðu ertu kominn – að jörðu skaltu aftur verða – af jörðu skaltu aftur upp rísa.“ eða „Sáð í dauðlegu, en upp rís ódauðlegt. Sáð er í veikleika, en upp rís í styrkleika. Sáð er í jarðneskum líkama, en upp rís andlegur líkami.“

Þetta heitir moldun og tákna: líf – dauði – líf. Þessum orðum er líka ætlað að minna á fyrirheit sem okkur voru gefin við skírnina: að Guð er með okkur í lífsins amstri, í dauðanum og í hinu eilífa lífi.

Þetta merkir einnig að við erum fædd jarðneskar manneskjur. Við erum sköpuð af Guði, eins og öll



jarðnesk sköpun. Það fylgir okkur sem börnum jarðar að snúa aftur til moldarinnar. Við erum hluti af hinni líffræðilegu keðju lífsins.

Samkvæmt kristnum mannskilningi erum við hins vegar meira en mold. Við erum líka andlegar verur, því að við erum sköpuð í Guðs mynd. Trúin á upprisu Jesú Krists frá dauðum gefur okkur von um að slík upprisa sé okkur einnig búin. Við vitum ekki með hvaða

hætti það gerist eða hvenær. En á sama hátt og Jesús lagði líf sitt og dauða í hönd Guðs þá getum við jafnframt gert það.

Kross

Krossmarkið er sameiginlegt tákn allra kirkjuathafna. Tákn krossinn er líka hluti af blessuninni sem lýst er í hverri guðsþjónustu:

„Drottinn blessi þig og varðveiti þig. Drottinn láti sína ásjónu

Blóm við útfarir eru tákn um lífið en líka forgengileikann. Þau vaxa, blómstra og deyja, eins og mannfólkið.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

lýsa yfir þig og sé þér náðugur,“ og „Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig og gefi þér frið.“

Krossinn er sterkasta tákn kristinnar trúar. Flestum er kunnugt um að krossinn var í upphafi pyntingartæki. En eftir upprisu Jesú Krists frá dauðum varð krossinn að sigurtákni kristinnar trúar, tákn um að lífið og kærlekurinn sigri dauða og myrkur.

Blóm

Blóm eru tákn um líf og frjósemi, en þau minna líka á forgengileikann. Þau vaxa, blómstra og deyja, eins og mannfólkið. Blóm geta líka verið tákn um áhyggjuleysi og það að lifa fyrir líðandi stund – í núinu. Jesús segir að við eigum að líta til lilja vallarins því þær hafi ekki áhyggjur en blómstri eigi að síður.


Þegar við gefum öðrum blóm tjáum við umhyggju og segjum með því að við séum hluti af lífi viðkomandi. Við jarðarfarir eru

blóm í mikilvægu hlutverki. Það eru árstíðabundin blóm eða uppáhaldsblóm hins látna. Síðan er farið með kransa og blóm að gröfnni. Ef um bálför er að ræða geta aðstandendur lagt blóm og kransa á legstaði annarra ættingja eða staði þar sem hægt er að leggja blóm og kransa.

Líklútur/andlitsblæja

Líklútur/andlitsblæja minnir á klútinn sem var notaður til að þerra vatn af höfði hans við skírnina. Áður fyrr var þessi klútur varðveittur sem gersemi væri. Á fermingardegum var hann notaður sem jakkavasaklútur drengja og í sálmaþókum stúlkna. Í skírninni er einstaklingurinn með bæn og blessun helgaður Jesú Kristi sem elskar manninn að fyrri bragði og heldur honum í faðmi sínum. Andlitsblæjan minnir á kærleika Guðs sem fylgir okkur í gegnum lífið og inn í eilífðina.

Heimild: utforikirkju.is ■



FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálf dán
898 5765



Kristín
699 0512



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði | 565 9775
www.uth.is | uth@uth.is



Fagmennska Virðing Umhyggja

Önnumst alla þætti útfarar af fagmennsku, með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



BORG | ÚTFARARÞJÓNUSTA

borg@borgutfor.is • borgutfor.is

Umsjón útfara



Gréta Björgvinsdóttir
s: 770 0188



Guðný Bjarnadóttir
s: 869 7522

TARAMAR

Næturkremið

SEM Á SÉR ENGA HLIÐSTÆÐU

4 gull og silfur verðlaun



Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Frítt Næturkrem fylgir með hverju Augnkremi

www.taramar.is, Íslandsapótek, Lyfjaver, Hagkaup
Smáranum, Kringlunni, Garðabæ, Akureyri

Hefur ungt fatlað fólk tækifæri á vinnumarkaði?



Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fötlunaraktivisti

Tækifæri ungs fatlaðs fólks á vinnumarkaði eru því miður færri en fyrir ungt fólk almennt. Það eru margir þættir þar á bak við, svo sem aðgengi eða réttara sagt skortur á aðgengi, fordómar, fá hlutastörf í boði og kerfi sem hentar alls ekki öllum. Ekki má gleyma almannaþryggingakerfi sem klekkir á fötludómum sem vilja vinna hlutastarf á móti örorkulífeyrinum.

Alltof margir vinnustaðir eru óaðgengilegir fötludu fólki, hvort sem það er sjálfur inngangurinn, hönnunin að innanverðu eða hreinlega hugarfar yfirmanna og vinnufélaga.

Ungt fatlað fólk mætir svo ýmsum öðrum þröskuldum í atvinnuleit, á ég að taka það fram í umsókninni að ég sé fötlud? Gæti það haft neikvæð áhrif og komið í veg fyrir að ég verði boðuð í viðtal? Ef fólk veit fyrir fram að ég er fötlud, mun það skýggja á hæfni mína í starfið og allt sem ég hef fram að bjóða? Og á hinn bóginn, ef ég tek það ekki fram í umsókninni, gæti fólk fundist eins og ég hafi svikið það? Eins og ég hafi villt á mér heimildir?

Þrátt fyrir að margt hafi batnað á seinustu árum, þá eru samt svo margir með fyrir fram ákveðnar hugmyndir um fatlanir og fatlað fólk. Köllum þær bara því nafni sem þær í raun eru – fordóma. Fordómar um hvað við erum, hvað við getum og hver við erum. Fólk á það til að gleyma að við erum jafn mismunandi og við erum mörg. Ekkert okkar er eins.

Það á að sjálfsögðu ekki að skipta máli hvort manneskja fer um samfélagið gangandi, hlaupandi, hjólandi eða rúllandi. Eða hvort hún skynji umheiminn á „hefðbundinn“ hátt eða ekki. Ef manneskja er hæf í starfið, þá á hún að eiga jafn mikinn möguleika á að fá starfið eins og hver annar umsækjandi, hvort sem hún er fötlud eða ekki.

Heimsfaraldurinn leiddi til aukins sveigjanleika í atvinnulífínu. Langflest okkar hafa að minnsta kosti heyrt um heimaskrifstofur og fjarlausnir, og jafnvel notað sjálf, en mikil tregða var til að taka í notkun fyrir faraldurinn. Hlutir sem stór hópur fatlaðs fólks kallaði lengi eftir eru loksins notaðir reglulega og við sjáum að mörg okkar geta unnið heiman frá okkur. Þetta, þótt í leiðinlegum aðstæðum sé, er stór sigur fyrir fatlaða – unga sem aldna. Fólk sem vegna mismunandi sjúkdóma og fatlana er fast heima hjá sér á daginn hefur samt möguleika á að taka þátt í atvinnulífínu ef heilsa leyfir. Þarna er stórt sóknarfæri fyrir vinnumarkaðinn til að fá inn flott og hæft fólk.

Því miður gerir almannatryggingakerfið fötludu fólki á öllum aldri erfitt fyrir á vinnumarkaði. Ég vildi óska þess að þetta meingallaða kerfi væri ekki einn af þáttunum á bak við erfiðleika fatlaðs ungs fólks á vinnumarkaði, en þar til því verður breytt til hins betra erum við knúin til að ræða þetta trekk í trekk. Í stað þess að benda á tölur og prósentur vil ég segja frá minni persónulegu reynslu sem ungur öryrki á vinnumarkaði.

Árið 2019 vann ég 50% starf í níu mánuði af árinu. Ég var yfir mig ánægð að fá tækifæri til að sýna hvað í mér býr, en á sama tíma með kvíðahnút í maganum yfir því að lenda í veseni með örorkugreiðslurnar mínar. Ég passaði því sérstaklega vel upp á að allir pappírar, tölulegar upplýsingar og greiðsluáætlanir stemmdu og uppfærði um leið og eitthvað breyttist. Ég tók líka persónuafsláttinn minn út

úr kerfinu hjá TR þegar ég byrjaði að vinna, til að vera viss um að ég myndi ekki lenda í veseni. Ég gerði allt eins og ég átti að gera og hélt að það væri nóg.

Í október fékk ég launaseðil frá TR eins og alla aðra mánuði, en tók eftir því að þau höfðu nýtt persónuafsláttinn minn, þrátt fyrir að vera ekki með aðgang að honum. Ég hringdi strax í TR og þau fullvissuðu mig um að þetta myndi ekki koma fyrir aftur.

Launaseðill nóvembermánaðar kom og ég sá að TR nýtti persónuafsláttinn minn aftur. Bara í þetta skipti var hann nýttur tvöfalt, eitt-hvað sem ég hélt að væri ekki hægt. Ég hringdi, skiljanlega ansi pirruð, í TR og eftir að vera hent á milli mismunandi deilda var mér tilkynnt að þetta myndi ekki koma fyrir aftur. Aftur. Allt í góðu, ég treysti þeim, aftur.

Desember kom og þar með launaseðillinn. Þennan mánuðinn höfðu þau þrefaldað persónuafsláttinn minn. Ég hringdi í TR eins og í hin tvö skiptin og fékk þá skýringu í þetta skipti að „þetta gerðist bara stundum“.

Ég var fegin að árið kláraðist eftir þessa þreföldun þar sem hver veit hvar þetta hefði endað.

Þegar kom að bráðabirgðareikningi skattframtalsins kveið ég niðurstöðunni. TR hafði stefnt mér í 400.000 króna skuld við ríkið. Þarna kom sér vel að ég var ung og hafði ekki nýtt barnasparnaðinn í neitt. Svona grínlaust – á ungt fólk á almennum leigumarkaði almennt 400.000 krónur í rassvasanum? Það er enn ólíklegra ef maður bætir svo við dæmið hærri heilbrigðiskostnaði, lægri launum og svo framvegis.

Svo kom að því sem ég hafði kviðið hvað mest af öllu, endurreikningur Tryggingastofnunar – þar sem þau gera nákvæmlega það – endurreikna allt sem þau borguðu þér árið áður og ákveða hvort þú skuldir þeim ekki örugglega eitthvað. Niðurstaða þeirra var sú að þau höfðu borgað mér 200.000 krónum of mikið árið áður. Öll gögn sem þau höfðu undir höndum og voru sífellt uppfærð þessa 9 mánuði fyrra árs voru allt í einu röng. Enginn fyrirvari og ekki eins og ég hefði fengið glæsilega útborgað þegar á heildina er litið heldur.

Það að ég hafði ákveðið að fara inn á vinnumarkað þýddi það að ég sat uppi með 600.000 króna skuld eftir 9 mánaða starf, allt þökk sé almannatryggingakerfinu.

Hvað verður um hvatann til þess að vinna í svona aðstæðum? Svarið er einfalt – hann hverfur. Í mínu tilfelli þurfti ég að leggja talsvert á mig til að geta unnið og fannst það þess virði. Hins vegar þegar ég fékk þessar skuldir framan í mig eins og blauta tusku, fór ég skiljanlega að spyrja sjálfa mig af hverju ég væri yfirhöfuð að reyna. Fjárhagsáhyggjur sem komu í kjölfarið voru svo þáttur í því að heilsu minni hrakaði enn frekar.

Mín reynslusaga er því miður bara ein af svo alltof mörgum öðrum. Það að þurfa að samtvinna örorkugreiðslur og almennar launagreiðslur er einn stór höfuðverkur sem yfirvöld verða að bæta úr. Ekki bara fyrir okkur launþega, heldur einnig vinnumarkaðinn allan.

Viljum við ekki að þeir sem geta, mega og treysta sér til að vinna, geri það?

Viljum við ekki gera öllu ungu fólki kleift að stiga sín fyrstu skref á vinnumarkaðinum? Af hverju á ungt fatlað fólk að vera undanskilið þar? ■



Mín reynslusaga er því miður bara ein af svo alltof mörgum öðrum.

ALLT ÞAÐ NÝJASTA FRÁ TEMPUR ...
AÐ SOFA ER EITT
AÐ HVÍLAST ER ANNAÐ
... MEÐ 25% AFSLÆTTI Í BETRA BAKI



TEMPUR-DAGAR

25%
AFSLÁTTUR

STILLANLEG
HEILSURÚM
FYRIR ÞÍNAR BESTU STUNDIR



Tempur Hybrid dýnur og C&J stillanlegur botn.
Gafli seldur sér. 2x90x200 cm. Fullt verð: 859.800

Tilboð 749.850 kr.

Nýjar gerðir
og fjölbreytt úrval
TEMPUR
heilsukodda



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566





HITTU OKKUR Á FACEBOOK  / REKKJAN

KING KOIL

KING
KOIL
LUXURY
CABINETS



KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.



SJÓN ER SÖGU RÍKARI



„Svefngæðin jukust hjá mér og ég vakna úthvöldari
eftir að ég fór að sofa á King Koil.

Ég mæli persónulega og faglega með King Koil.“

Magni Bernhardsson B.Sc. D.C.


Kírópraktör/ Framkvæmdastjóri

Kírópraktörstofa Íslands

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 | 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Veðurspá Þriðjudagur



Norðvestan og vestan 15-25 í dag, hvassast norðvestantil, og talsverð slydda eða snjócoma um norðanvert landið. Hægari vindur og skúrir eða él sunnanlands. Úrkomu-minna og dregur úr vindi seint í kvöld. ■

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 veifa
- 5 hvíla
- 6 átt
- 8 málaleitun
- 10 átt
- 11 máleining
- 12 skiki
- 13 keppni
- 15 reiknirit
- 17 gúbba

LÓÐRÉTT

- 1 aflaga
- 2 blunda
- 3 miski
- 4 samtíða
- 7 snerting
- 9 dálitlu
- 12 æsa
- 14 hjartardýr
- 16 íþróttafélag

LÁRÉTT: 1 blaka, 5 rúm, 6 ný, 8 erindí, 10 na, 11 oró, 12 skák, 13 leik, 15 algírm, 17 gaura.
LÓÐRÉTT: 1 brensla, 2 ljura, 3 amí, 4 andrá, 7 viðkoma, 9 nokkur, 12 síga, 14 eíg, 16 íf.

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15					16
	17				

Cifuentes átti leik gegn Sunye Neto í Santiago árið 1987.

1...Rxf3! 2. Rxa8 Rg4+ 3. Kh1 Rgxf2+ 4. Kh2 Rg4+ 5. Kh3 (5. Kh1 Rhf2#). 5... Rxe3+ 0-1. Skáklfélag Selfoss stóð sig fráþærlega á EM taflfélaga og endaði í fimmta sæti. Víkingaklúbburinn endaði í 20. sæti og TR í 24. sæti. www.skak.is: Haustmót TR. ■

Sudoku

3	1		5					
	9			4	8	6		
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4					8	7
				7	1		5	
1								

	2		3					9
				6				7
			9	2	4			6
					5	3		
9			4	1	8			
7				9			8	2
		4					7	1
	7						8	
3	1							

Þrautinn felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Geljan



Barnalán



NÝ SENDING

Tískan

MaxMara

Skipholti 21 | Sími 551 0770
www.tiskan.is

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI

- fyrir 25-30 manns

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is
Austurströnd 14 • Hringbraut 35

Margræð niðurstaða



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Eydís Blöndal hefur sent frá sér þriðju ljóðabók sína, *Ég brotna 100% niður*.

Spurð hvort titillinn sé lýsandi fyrir tóninn í bókinni svarar Eydís: „Ég sá þessa setningu einhvern tíma á maíspoka og tengdi mikið við hana. Mér fannst ég og pokinn eiga þetta sameiginlegt; að eiga eftir að brotna niður. Þaðan kom hugmyndin að titlinum. Bókin átti upprunalega að snúast aðallega um loftslagsmál en þegar ég kafaði dýpra í það viðfangsefni varð umfangið alltaf stærra. Þannig að titillinn er margræður eins og niðurstaða bókarrinnar – að loftslagsváin sé víðfeðmur vandi sem skýtur niður rótum víða í mannlegri tilvist.“

Ýmis ljóð í bókinni fjalla um samfélagsleg efni en önnur eru mjög persónuleg. „Ég fjalla til dæmis um samskipti við pabba minn sem dó árið 2015 en einnig um það samfélag sem við lifum og hrærumst í og firringuna sem þar býr.“

Rót vandans

Eydís, sem var á tímabili varaþingmaður Vinstri grænna en sagði sig síðan úr flokknum, hefur brennandi áhuga á umhverfismálum. „Niðurstaða mín þegar ég fjalla um umhverfismál, hvort sem það er í ljóðum eða á pólitískum vettvangi, er sú að þau snúist um heimsmynd okkar frekar en koltvísýring og útblástur. Rót vandans liggur í mannsandanum sem ég segi í þessari bók að við séum búin að brjóta niður, og er grunnurinn að því sem knýr áfram neysluhegðun sem er að valda þessum mikla skaða. Þetta er



Í ljóðabók sinni fjallar Eydís meðal annars um loftslagsmál.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Bókin átti upprunalega að snúast aðallega um loftslagsmál en þegar ég kafaði dýpra í það viðfangsefni varð umfangið alltaf stærra.

í raun hringavitleysa sem viðheldur sjálfri sér.“

Fyrsta ljóðabók Eydísar, *Tíst og bast*, innihélt ljóð sem höfðu fyrst birst á Twitter-síðu hennar. „Fólk hvatti mig til að gefa ljóðin út og ég ákvað að kyla á það, fannst það spennandi,“ segir hún. Ljóðabók númer tvö, *Án tillits*, var tilnefnd til Maístjórnunnar. Ljóð hennar hafa því fengið ljómandi góðar viðtökur. „Það er mjög gefandi að koma frá sér hugsunum á jafn áþreifanlegan hátt og bókarformið er. Jákvæð viðbrögð eru síðan algjör plús.“

Stærri hugarheimur

Spurð hvort hún verði vör við mikinn ljóðaáhuga fólks segir hún: „Sumir hafa aldrei lesið ljóð og aðrir lifa og hræst í þeim alla ævi. Sjálf les ég ekki mikið af ljóðum en mér finnst gott að tjá mig í þessu formi.“

Ætlar hún að halda sig við ljóðagerð? „Kannski fer ég að færa mig yfir í esseiur. Í fyrri ljóðabókum mínum var stillinn mjög knappur, ljóðin í þessari bók eru lengri. Nú er ég farin að segja frá og byggja stærri hugarheim.“ ■

Gran Partíta í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Blásaraoktettinn Hnúkabeyr og félagar flytja Gran Partítu, stóru blásaraserenöðuna eftir Mozart, þann 29. september í tilefni af tíu ára afmæli Hörpu. Tónleikarnir fara fram í Norðurljósasal Hörpu klukkan 20 og eru um klukkustundar langir.

Flytjendur á tónleikunum eru Peter Tompkins og Eydís Franzdóttir á óbó, Ármann Helgason og Helga Björg Arnardóttir á klarinett, Rúnar Óskarsson og Baldvin Ingvar Tryggvason á bassethorn, Frank Hammarin, Anna Sigurbjörnsdóttir, Emil Friðfinnsson og Raketel Björt



Blásaraoktettinn Hnúkabeyr og félagar flytja verk eftir Mozart.



Tónleikarnir fara fram í Norðurljósasal Hörpu klukkan 20 og eru um klukkustundar langir.

Helgadóttir á horn, Kristín Mjöll Jakobsdóttir og Snorri Heimisson á fagott, Brjánn Ingason á kontrafagott og Þórir Jóhannsson á kontra-bassa. ■

Fjallað um revíur

kolbrunb@frettabladid.is

Í dag, þriðjudaginn 28. september, klukkan 12-13 í anddyri Borgarleikhússins, verður sjónum beint að revíum og kabarett-sýningum og



Una Margrét Jónsdóttir

sýningin *Veisla*, sem frumsýnd var síðastliðið vor, skoðuð í því ljósi. Una Margrét Jónsdóttir fjallar um revíur og kabarett-sýningar í sögulegi samhengi og Saga Garðarsdóttir og Katla Margrét Þorgeirsdóttir segja frá vinnu sinni við sýninguna *Veisla*. ■

Við viljum vera hjá þér þegar kviknar á deginum

Hlustaðu á okkur á bylgjan.is

BYLGJAN
989

Þriðjudagur

Hringbraut

- 18.00 Karlmenntan (e)** Feminískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Lífið er lag (e)** Þáttur um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áruna.
- 20.00 433.is** Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin (e)** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimalaikfimi**
- 11.10 Kastljós**
- 11.25 Menningin**
- 11.35 Sírkussjómennirnir**
- 12.05 Tíu fingur** Anna Guðný og Sigurður Ingvi.
- 13.00 Venjulegt brjálæði - Hvað kostar hégóminn?**
- 13.40 Í 50 ár Selfoss í 50 ár**
- 14.20 Pricebræður bjóða til veislu**
- 14.50 Eyðibýli** Suðurhús.
- 15.25 Manndómsár Mikkos** Fyrsta þrautin - kajakróður.
- 15.55 Síðbótin** Fyrri hluti
- 16.25 Menningin - samantekt**
- 16.55 Íslendingar** Brynja Benediktsdóttir.
- 17.50 Táknálsfréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Handboltaáskorunin**
- 18.14 SOS**
- 18.27 Hönnunarstirnir**
- 18.44 Nei sko! Merkúr**
- 18.45 Krakkafréttir**
- 18.50 Lag dagsins** Þar sem hjartað slær Flytjandi: Sverrir Bergmann. Höfundur lags: Halldór Gunnar Pálsson. Höfundur texta: Magnús Þór Sigmundsson.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós** Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
- 19.50 Menningin**
- 20.05 Rafíþróttir. Baráttan um toppsætið Fight for First.** Excel Esport Heimildarmynd frá BBC í tveimur hlutum um rafíþróttir. Í myndinni er fylgt eftir breska hópnun Excel Esports sem berst við að geta sér nafns innan alþjóðlegu rafíþróttasennunar.
- 21.10 Nærmyndir - Rúm innan um linsubaunir** Talking heads. Bed Among the Lentils
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Stjórnandinn Moscow Noir**
- 23.05 Tvíburir Twin**
- 23.50 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 10.00 Golfarinn 3**
- 10.25 LET Tour** Útsending frá Aramco Team Series - Sotogrande.
- 14.55 LPGA Tour** Útsending frá Walmart NW Arkansas Championship.
- 17.55 LPGA Tour**
- 20.55 LPGA Tour**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 Moonbase 8**
- 15.35 Young Rock**
- 16.05 A.P. BIO**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 A Million Little Things**
- 21.00 FBI. Most Wanted** Bandarísk þáttaröð um liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, sem eltast við hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna.
- 21.50 The Stand (2020)**
- 22.35 The Chi**
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.10 Dexter** Dagfarsprúði raðmorðinginn Dexter Morgan er blóðmeinafræðingur hjá lögreglunni í Miami á daginn. En á nóttinni hleypir hann myrkum hvötum sínum lausum og myrðir óþokka sem hann telur eiga það skilið.
- 01.00 How to Get Away with Murder**
- 01.45 Nurses**
- 02.30 Good Trouble**
- 03.15 The Bay**
- 04.00 Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Segðu mér**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfreginir**
- 10.13 Á reki með KK**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegis Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegis**
- 13.00 Dánarfreginir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Lofthelgin**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Frjálsar hendur**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Viðsjá**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestin**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Krakakastið** Freyja Kristinsdóttir.
- 18.50 Veðurfreginir**
- 18.53 Dánarfreginir**
- 19.00 Endurómur úr Evrópu**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.40 Kvöldsgagan. Í verum, fyrra bindi (6 af 27)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfreginir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestin**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 11.00 Thunder Road**
- 12.30 Teen Spirit**
- 14.00 Yesterday**
- 16.00 Thunder Road**
- 17.25 Teen Spirit**
- 19.00 Yesterday**
- 21.00 Harriet**
- 23.00 Downhill**
- 00.25 A Vigilante**
- 01.55 Harriet**

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.25 Grey's Anatomy**
- 10.05 Logi í beinni**
- 10.45 Hversdagsreglur**
- 11.05 NCIS**
- 11.45 Friends**
- 12.10 Friends**
- 12.35 Neighbours**
- 12.55 Matargleði Evu**
- 13.15 Skítamix**
- 13.40 City Life to Country Life**
- 14.25 Feðgar á ferð**
- 14.45 Veronica Mars**
- 15.25 The Masked Singer**
- 16.30 Family Law**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Neighbours**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.05 Shark Tank**
- 19.55 The Goldbergs**
- 20.20 The Dog House** Störgóðir þættir um starfsfólk Wood Green sem er góðgerðastofnun sem sérhæfir sig í að finna hið fullkomna heimili fyrir heimilislauða hunda. Ómissandi þáttur fyrir alla dýravini.
- 21.10 Next**
- 21.55 The Murders**
- 22.40 Last Week Tonight with John Oliver**
- 23.15 The Wire**
- 00.20 Allskonar kynlíf** Allskonar kynlíf eru fræðslu- og skemmtiþættir með Siggu Dögg kynfræðingi og Ahd Tamimi, sérlegum aðstoðarmanni hennar.
- 00.45 Vigil**
- 01.45 Pennyworth**
- 02.40 Mrs. Fletcher**
- 03.10 The Mentalist**
- 03.50 Grey's Anatomy**

Stöð 2 Sport

- 07.25 Seinni bylgjan - kvenna**
- 09.30 ÍR - ÍA** Útsending frá leik í Mjólkrubikar karla.
- 10.05 Fylkir - Víkingur R.**
- 11.45 Mjólkrubikarmörkin**
- 12.40 Afturelding - Haukar** Útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 14.05 Fram - Selfoss**
- 15.30 Seinni bylgjan - karla**
- 16.45 Haukar - Fram** Útsending frá leik í Olís deild-kvenna.
- 18.15 Seinni bylgjan - kvenna**
- 19.20 Selfoss - FH** Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 21.00 Fylkir - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
- 22.40 Valur - KR 2001**
- 23.00 Selfoss - FH**

Stöð 2 Sport 2

- 08.20 Lille - Wolfsburg**
- 10.10 Sheriff - Shakhtar Donetsk**
- 11.55 Leipzig - Club Brugge** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 13.55 PSG - Manchester City** Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 15.50 Football League Show**
- 16.20 Liverpool - AC Milan**
- 18.00 Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 18.30 Meistaradeildin - Upphitun**
- 18.50 PSG - Manchester City** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 21.00 Meistaradeildarmörkin**
- 21.45 Lokasóknin**
- 22.20 AC Milan - Atletico Madrid**
- 00.00 Real Madrid - Sheriff**



UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE®

Í KVÖLD

Shakhtar - Inter
PSG - Man. City
AC Milan - A. Madrid
Real Madrid - Sheriff


MIÐVIKUDAG

Atalanta - Young Boys
Man. Utd - Villarreal
Bayern - Dynamo Kiev
Salzburg - Lille



Tryggðu þér áskrift á stod2.is

ORMSSON



SÝNDUR
SAMTÍMIS Á
HRINGBRAUT
OG 433.IS

433.is

ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00

Hörður Snævar Jónsson, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum. Hann fær til sín áhugaverða viðmælendur og helstu sparksérfræðinga landsins sem gera upp mál málanna. Hér er að ferðinni þáttur fyrir alvöru knattspyrnuáhugamenn.

A circular logo with a white lowercase 'h' on a blue background.



Söng- og leikkonan Anika Noni Rose átti glæsilega innkomu. Hún hlaut Tony-verðlaunin 2004 sem besta leikkonan í söngleiknum *Caroline, or Change*. Hún er annars einna þekktust fyrir að hafa ljáð Disney-prinsessunni Tíönu rödd sína í teiknimyndinni *Princess and the Frog* 2009 og hlaut í kjölfarið nafnbótina „Disney-goðsögn“ 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Köngulóarmaðurinn fyrrverandi, Andrew Garfield, 80's stjarnan Cyndi Lauper, sem sló í gegn með laginu um stelpur sem vilja bara skemmta sér, og barnabókahöfundurinn, söng- og leikkonan Bernadette Peters voru hress.



John Legend lét heldur betur að sér kveða á sviði Winter Garden Theatre.

Rauða myllan malaði verðlaunagullið

Bandaríska leikhússenar reis úr Covid-dáinu með tilþrifum og stæl í New York á sunnudaginn þegar Tony-verðlaunin voru afhent rúmu ári á eftir áætlun vegna þess að það kom dálítið upp á, eins og alþjóð veit alltof vel. Ný sviðs-uppfærsla á söngleiknum *Moulin Rouge!* varð sigursælust á hátíðinni og hlaut tíu verðlaun.

toti@frettabladid.is

„Allir hérna eru bólusettir og prófaðir og allir eru með grímu. Öll leikhús á Broadway munu líta svona út í einhvern tíma og það er ókei,“ sagði söngvarinn og leikarinn Leslie Odom Jr. við upphaf Tony-verðlaunahátíðarinnar sem haldin var í Winter Garden Theatre í New York á sunnudaginn.

Margt var um manninn og fólk mætti til leiks í sínu finasta þússi með grímur sem leyndu þó hvergi gleðinni sem skein úr nánast hverju andliti enda biðin eftir því að leikhúslífið færi að glæðast verið bæði löng og dauf.

Söngleikurinn *Moulin Rouge!* byggir á samnefndri kvikmynd Baz Luhrman frá 2001, sem aftur dró nafn sitt af goðsagnakenndum næturklúbbi í París, var frekur til fjörsins en sýningin hlaut tíu verðlaun. Meðal annars sem besti söngleikurinn og fyrir besta leikarann.

Verðlaunahátíðin fór fram rúmu ári á eftir áætlun og var að þessu sinni skipt í tvo tveggja klukkustunda langa viðburði þar sem flest verðlaun voru afhent í beinu streymi áður en aðalviðburðinum, tónleikum sem fögnuðu upprisu leikhússins, var sjónvarpað beint. ■



Konungur söngleikjanna, Sir Andrew Lloyd Webber, lét grímu óperudraugsins falla en með henni vísaði hann löðbeint í eitt sitt þekktasta verk.



Dansarinn, söng- og leikkonan Annaleigh Ashford og leikarinn Jake Gyllenhaal lögðu nokkur orð í belg.



Leikstjórnirinn og þrefaldi Tony-verðlaunahafinn Stephen Daldry var verðlaunaður fyrir leikstjórn leikritsins *The Inheritance* þar sem skáldsögu EM Forster, *Howards End*, er fundinn staður í New York samtíms.



Kynnir kvöldsins, Leslie Odom Jr., og Josh Groban tóku lagið saman.

VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA Í NETTÓ

23. SEPTEMBER - 6. OKTÓBER

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.

128
SÍÐUR AF
FRÓÐLEIK OG
TILBOÐUM!



ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
AF HEILSU- OG
LÍFSSTÍLSVÖRUM

OFURTILBOÐ - NÝ TILBOÐ Á HVERJUM DEGI!

Þriðjudagur 28. sept.
Tilboð dagsins

Guli M D-3 vítamín
50uq - 60 töflur
519 KR.
ÁÐUR: 1.299 KR/PK



60%
AFSLÁTTUR



36%
AFSLÁTTUR

Biona baunir
Svartar/kjúkl.
400 g
185 KR.
ÁÐUR: 289 KR/PK



Appelsínur
(kg)

50%
AFSLÁTTUR

Miðvikudagur 29. sept.
Tilboð dagsins

BIO Kult Original
60 stk
1.429 KR.
ÁÐUR: 2.649 KR/PK



46%
AFSLÁTTUR

Natures Aid
Ginger, Turmeric
& Bromel
1.474 KR.
ÁÐUR: 2.729 KR/PK



50%
AFSLÁTTUR



Avocado/
Lárpera
(kg)

Fimmtudagur 30. sept.
Tilboð dagsins

NOW C-1000 Rose
250 stk.
2.219 KR.
ÁÐUR: 3.699 KR/PK



40%
AFSLÁTTUR



45%
AFSLÁTTUR

MUNA Mangó
þurrkað
329 KR.
ÁÐUR: 599 KR/PK

Bláber
(kg)



50%
AFSLÁTTUR

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUN OKKAR
OG GERÐU INNKAUPIN Á NETINU




ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

nettó

Lægra verð - léttari innkaup



Við viljum vera hjá þér

af því að þú ert æði

Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**



Hjördís segir margt gott við að vera komin heim en hún þurfi samt talverða veðuraðlögun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Römm blaðamannstaugin togaði Hjördísi aftur á RÚV

Hjördís Rut Sigurjónsdóttir var búin að koma víða við í íslenskum fjölmiðlum þegar hún vatt kvæði sínu í kross og fór til Svíþjóðar þar sem hún sökkta sér nokkuð óvænt í félagsfræðirannsóknir. Römm er þó blaðamannstaugin og nýflutt heim birtist hún nú á skjánum í fréttum RÚV.

toti@frettabladid.is

Hjördís Rut Sigurjónsdóttir byrjaði í blaðamennsku á Fréttablaðinu fyrir átján árum og fór þaðan vilt og breitt um íslenskt fjölmiðlalandslag. Hún lét meðal annars til sín taka í fréttum Stöðvar 2 í tvö ár, ritstýrði síðan glanstímaritinu Nýju Lífi og endaði loks hjá RÚV þangað sem hún er aftur komin eftir rúmlega sjö ára útleið frá fjölmiðlum í Svíþjóð.

„Börnin eru búin að vera sjö ár í Svíþjóð þannig að það þurfti að fara að huga að því hvort þau ættu að verða sænsk eða íslensk þannig að það má segja að breyttar fjölskylduadstæður ráði mestu um að ég er komin aftur heim,“ segir Hjördís sem rann síðan hingað komin beint í gamla fjölmiðlafarið.

„Það er alltaf freistandi að fara í atíð enda er þetta bara skemmtilegasta vinna sem ég hef unnið. Vinnudagurinn líður alltaf svo hratt vegna þess að það er alltaf eitthvað að gerast og maður veit aldrei hvað nýr dagur ber með sér,“ segir Hjördís sem á ekki langt að sækja fjölmiðlafiknina verandi dóttir þess gamla fréttahunds, Sigurjóns M. Egilssonar, SME, sem var fréttaritstjóri Fréttablaðsins um árabíl svo eitthvað sé nefnt.



Þar fann ég næstum eina djöbbið þar sem kemur sér vel að tala íslensku.

„Ég treysti á vinnufélagana þegar á reynir en þeir eru margir og góðir. Það er ótrúlega gaman að vera komin inn á þennan vinnustað og hitta þar fyrir marga sem maður hefur unnið með áður í bland við nýtt og ekki síður skemmtilegt fólk.“

Út í óvissuna

Hjördís ratar í það minnsta um gangana í Efstaleitinu þar sem hún starfaði áður en hún hélt til Svíþjóðar í mastersnám í mannvistarlandfræði þaðan sem hún festist síðan í starfi hjá Nordregio.

„Þetta er norræn stofnun sem fæst við byggðarannsóknir og var stofnuð af Norrænu ráðherranefndinni. Þar fann ég næstum eina djöbbið þar sem kemur sér vel að tala íslensku. Þetta var alger tilviljun. Ég var lærlingur þarna til að byrja með en þau slepptu síðan ekki af mér hendinni,“ segir Hjördís og hlær.

Hjá Nordregio sökkta Hjördís sér í félagsfræðirannsóknir sem hún segir um margt svipa til blaðamennsku þótt með öðrum formerkjum sé. „Þetta eru svipaðir kúríosur og í blaðamenskunni þótt maður geti kafað dýpra ofan í hvert viðfangsefni og hraðinn sé ekki sá sami.“

Þetta leiðir mann líka á alls konar staði sem maður hefði annars aldrei heimsótt,“ segir Hjördís og telur upp nokkur ornefni sem er hvorki heiglum hent að bera fram né stafsetja. „Það munaði engu að ég færi til Múrmansk í Rússlandi en Covid eyðilagði það,“ segir Hjördís sem veit ekkert hvert næsti fréttadagur muni leiða hana en hún er til í tusk og hasarinn. ■

Úr eldinum á Bessastaði

„Allt í einu var maður komin upp að gosinu, sem ég hafði ekki fengið tækifæri til að sjá áður og fékk að upplifa það á vinnutíma,“ segir Hjördís þegar hún áréttar fjölbreytileika fréttadaganna en á kosningahelgarvaktinni brá hún sér til dæmis á Bessastaði og tók stöðuna á Guðna Th. Jóhannessyni sem þá sá fram á merkilega náðuga daga á forsetastóli í kjölfar alþingiskosninganna.

Þótt starfið sé lífligt áréttar Hjördís að hún hafi alls ekki flutt heim til þess að starfa á fjölmiðlum. Þegar heim var komið hafi henni hins vegar boðist vinna á fréttastofu RÚV. Tilboð sem erfitt var að hafna þótt ráðningin sé tímabundin. Þangað til annað kemur í ljós að minnsta kosti.

„Ég þurfti náttúrulega svolitla tæknilega upprifjun og síðan þarf aðeins að dusta rykið af tengslanetinu og átta sig á við hvern á að tala hverju sinni,“ segir Hjördís og bendir á að þótt starfið sé nánast alltaf eins þá sé umhverfið sem blaðamaðurinn lifir og starfar í stöðugt að breytast og þróast.



Rómeó & Júlía

Ung menna kort
Leik hús kort

Tryggðu þér öruggt sæti með Leikhúskorti.



Þjóð leik húsið

Allt að seljast upp! - tryggðu þér miða í október.

leikhusid.is

Bakþankar

Hauks Arnar
 Birgissonar



Að trúá

Í mannkynssögunni má finna mörg dæmi um skynsamt fólk á villigötum. Heilu þjóðirnar gerðust sekar um ófyrirgefanlegar aðgerðir, sem á sínum tíma virtust í lagi. Aftökur, refsingar og útskúfun einstaklinga og jafnvel heilu þjóðfélagshópanna fóru fram án dóms og laga og réttarríkið var lagt til hliðar. Í almennri geðshræringu tapaði fólk áttum og erfitt er að skilja hvernig það gat gerst. Flestir tóku þátt og hinir þögðu þunnu hljóði. Reiðin beindist jú ekki að þeim.

Um þessar mundir berjast hópar, sem kenna sig við umburðarlyndi, manngæsku og frið, af heift fyrir því að allir þeir sem bornir eru sökum um óviðeigandi hegðun skuli útskúfaðir. Dóglæti og alvarleg kynferðisbrot eru sett undir sama hatt og þeir sem liggja undir grun eru saman kallaðir kynferðisbrota-menn. Hugtakið hefur þannig verið gengisfellt svo raunverulegum fórnarlömbum er lítil greiði gerður.

Óháð alvarleika brotanna skulu sökudólgarnir sviptir æru sinni og lífsviðurværi án þess þó að hafa nokkru sinni hlotið réttláta málsmeðferð eða dóm fyrir meint brot sín. Auðvitað eru þessir menn ekki allir saklausir og eflaust eru margir þeirra sekir. Þótt lögregla felli niður rannsókn eða dómari sýkni sakborning er ekki þar með sagt að brotaþoli sé að ljúga. Þótt við trúum brotaþolum þá ber okkur engu að síður að virða þá grundvallarreglu að menn verða ekki dæmdir ef full sönnun tekst ekki. Bitur reynsla sögunnar hefur kennt okkur að betra sé að sekur maður gangi laus, heldur en saklaus maður sitji í fangelsi. Í reglunni felst því miður engin huggun fyrir þolendur afbrota en réttarríkið krefst slíks fórnarkostnaðar. Dómstóll götunnar má ekki koma í staðinn. ■

★ GERÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

HÖFUM ÞAÐ GOTT HEIMA

STILLANLEG HJÓNARÚM
 MEÐ BODYPRINT DÝNU
EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

VAXTALAUSAR
12
 MÁN
 GREIÐSLUR

HEIMA ER BEST

JAMES HVÍLDARSTÓLL
 MEÐ SKEMLI - FALLEG HÖNNUN OG ÞÆGINDI
 Verð kr. 169.900 kr.-

VANDAÐAR SÆNGUR OG KODDAR Í ÚRVALI

Kósý KERTATÍMI
 ÚRVAL AÐ VÖNDUÐUM ILMKERTUM FRÁ FRANSKA MERKINU DURANCE. FULLKOMIN Á SIÐSUMARKVÖLDUM

FALLEG SÆNGURVERASETT

Atvinnublaðið
 — Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN Í MEST LESNA ATVINNUBLAÐI LANDSINS!*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625
 Sölufulltrúar:
 Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
 Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

OUTLET

GERÐU FRÁBÆR KAUP

Afsláttur af skiptidýnum, eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, mjúkvöru og fl.

Svefn & heilsa
 ★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRRI GERÐUM

FLEIRI STÆRÐIR, OG GERÐIR Í BÓÐI

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is

BALDURSNESS 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESSI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.